

# tíund

FRÉTTABLAÐ RSK APRÍL 2006



**Breyttar áherslur og ný sjónarmið í skattaframkvæmd**

**Viðhorfskönnun á þjónustu**

**Hvernig skatta viljum við?**

**CFC-löggjöf**



INDRIÐI H.  
ÞORLÁKSSON

# Traust og sanngirni

Undanfarnar vikur sátu landsmenn enn á ný við að telja fram til skatts. Sú seta var væntanlega skemmri og léttbærari en áður. Það má þakka því hve vel hefur tekist til með nýtingu upplýsingatækni í stjórnslu skattsins. Nýverið fékk embætti ríkisskattstjóra afhentan EDI-bíkar Icepro nefndarinnar fyrir góðan árangur í rafrænum samskiptum. Sú viðurkenning er embættinu mikils virði. Ennþá mikilvægari er þó sú viðurkenning sem fengist hefur frá skattborgurunum með góðri þátttöku, frá fagframteljendum með góðu samstarfi og frá fyrirtækjum og stofnunum sem í vaxandi mæli miðla upplýsingum til skattyfirvalda og auðvelda borgurunum þannig framtalsgerð. Traust í samskiptum þessara aðila er mikilsvert.

Embætti ríkisskattstjóra hefur sett sér það markmið að á árinu 2010, þ.e. eftir 4 ár, þurfi meirihluti framteljenda ekki að gera annað en að staðfesta þau framtöl sem þeim eru send eða birt rafrænt með forskráðum öllum þeim upplýsingum sem máli skipta. Reyndar er það svo að þessu markmiði væri hægt að ná þegar í dag væri vilji hjá bankastofnunum þessa lands til að veita nauðsynlegar og lögboðnar upplýsingar. Ef þær sinntu skyldum sínum myndu þær stórbæta þjónustu við viðskiptavinum sína og gera það kleift að auka þjónustu skattkerfisins við borgarana. Nokkur breyting hefur þó orðið til batnaðar með því að æ fleiri fjármálastofnanir hafa sýnt þessu skilning og senda frá sér upplýsingar til forskráningar. Þá hefur Íslandsbanki fyrrverandi í samvinnu við embætti ríkisskattstjóra gert þeim viðskiptavinum sínum, sem nota vefbanka, mögulegt að senda upplýsingar rafrænt til skattyfirvalda. Þótt það sé vissulega bót er þessi lausn alls ófullnægjandi því aðeins hluti af viðskiptavinum bankanna er með vefbanka. Þeir sem helst þurfa þjónustu í þessum efnum, svo sem þeir sem eru með takmarkað tölvulæsi, eru síður með vefbanka en aðrir framteljendur. Með tilliti til jafnræðis í skattframkvæmd verður upplýsingaöflun af þessum toga að vera heildstæð og ná til allra með sama hætti. Skattyfivöld hafa ekki farið fram á að fá frá fjármálastofnunum aðrar upplýsingar en framteljendum ber að greina frá á framtali sínu líkt og t.d. gildir um launagreiðslur o.fl.

Ljóst er að upplýsingar vantar m.a. frá hluta greiðsluþega almannatrygginga þegar kemur að því að telja vaxtatekjur fram til skatts. Það kann að stafa af því að einhverjir telji að vaxtatekjur hafi ekki áhrif á skattlagningu þar sem staðgreiðsla sé tekin af þeim í bönkum og að þeir hugi ekki að áhrifum vaxtatekna á greiðslur almannatrygginga auk þess sem að vextir af almennum bankareikningum þykja það lágir að þeir nægi ekki til að viðhalda verðgildi innistæðunnar og skerðing bóta með þim sé því ósanngjörn. Upplýsingar skattyfirvalda til Tryggingastofnunar eru því ófullkomnar að þessu leyti og hefur það í för með sér ójafnræði.

Með heildstæðum upplýsingum frá bönkunum mætti leysa flesta lífeyrisþega undan framtalsgerð líkt og þegar hefur verið gert í sumum löndum. Með þeim mætti einnig bæta úr því ójafnræði sem nú er til staðar við ákvörðum greiðslna almannatrygginga. Traust á yfirvöldum byggist ekki síst á sanngirni í samskiptum þeirra við borgarana og jafnræði meðal þeirra. Í því sambandi er það íhugunarefni hvort það að láta vaxtatekjur að ákveðnu hámarki ekki skerða bætur almannatrygginga myndi auka traust og sanngirni í samskiptum borgaranna og yfirvalda.

## EFNISYFIRLIT

**2** Leiðari

**5** **Breyttar áherslur og ný sjónarmið í skattaframkvæmd**  
Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri

**8** **Sektarheimild skattrannsóknarstjóra ríkisins**  
Skúli Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóri

**10** **Viðhorfsskönnun á þjónustu**

**12** **Hvernig skatta viljum við?**  
Jóhannes Hraunfjörð Karlsson

**15** **Upplýsingaskylda banka**  
Dómar héraðsdóms Reykjavíkur frá 30. mars 2006

**16** **Skipting tekjuskatts milli ríkis og sveitarfélaga**  
Páll Kolbeins

**18** **Forskráning upplýsinga á skattframtöl einstaklinga 2006**

**19** **Norrænt samstarf um innheimtu**  
Ástráður Karl Guðmundsson

**20** **Persónuafsláttur 1994 til 2005**  
Páll Kolbeins

**22** **Ársreikningaskrá og eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla**  
Jón Arnar Baldurs

**24** **CFC-löggjöf. Samsköttun félaga á lágskattasvæðum og eigenda þeirra**  
Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri

**26** **Af vettvangi skattaréttar Úrskurðir og dómar**  
Anna Dóra Helgadóttir

**30** **Molar**

**31** **Upplýsingatafla**

**32** **Skattframtalið á sjö tungumálum**





## Breyttar áherslur og ný sjónarmið

Á skattadegi Félags löggiltra endurskoðenda í janúar sl. flutti Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri erindi þar sem hann tók til umfjöllunar hvernig skattkerfið hefur þróast á síðustu árum og þær skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið í takt við þá þróun. Hluti af erindi Indriða er birtur á bls. 5.

## Hvernig skatta viljum við?

Að vanda tekur Jóhannes Hraunfjörð Karlsson fyrir sögulegan fróðleik og að þessu sinni rifjar hann upp helstu atriði í skattasögu Íslendinga, allt frá því að tíund var tekin upp á Íslandi. Grein Jóhannesar er á bls. 13.



## Álögð gjöld

Svo er í blaðinu að finna tölulegan fróðleik frá Páli Kolbeins. Annars vegar sýnir hann hvernig tekjuskattur skiptist milli ríkis og sveitarfélaga, sjá bls. 16 og hins vegar sýnir hann hvernig persónuafsláttur og tekjuskattur hafa þróast á árunum 1994-2005, sjá bls. 20.

## CFC- löggjöf

Til umræðu hefur verið hvort ástæða sé til að lögfesta hér svokallaða CFC löggjöf. Í blaðinu gerir Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri grein fyrir því hvers konar löggjöf þarna er á ferðinni og hvers vegna ríki telja sig knúin til að taka hana upp. Grein Indriða er á bls. 24.



# tíund

FRÉTTABLAÐ RSK APRÍL 2006

Ríkisskattstjóri |  
Laugavegi 166 | 150 Reykjavík  
sími: 563 1100 | fax: 562 4440  
rsk@rsk.is | www.rsk.is

FRÉTTABLAÐ RSK · 1. TÖLUBLAÐ · 20. ÁRGANGUR · PRENTAÐ Í 1700 EINTÖKUM  
ÚTGEFANDI: RSK

ÁBYRGÐARMANNAÐUR: INDRÍÐI H. ÞORLÁKSSON

RITSTJÓRI: HREFNA EINARSDÓTTIR

PRÓFÖRK: HREFNA EINARSDÓTTIR, INGIBJÖRG ERLENDSDÓTTIR

LJÓSMYNDIR: HREFNA EINARSDÓTTIR O.F.L.

HÖNNUN OG UMBROT: ANNA P. GUÐMUNDSDÓTTIR

PRENTUN: PRENTSMÍÐJAN VIÐEY

FJÖLMIÐLUM ER HEIMILT AÐ NOTA EFNI BLAÐSINS, SÉ HEIMILDAR GETIÐ



rsk.is

Hefur þú kynnt þér vefskil ...

# VEFSKIL

Á rsk.is er boðið upp á rafræn skil  
á virðisaukaskatti og staðgreiðslu.  
Á vefnum getur þú skilað, greitt og fengið yfirlit  
á einfaldan og öruggan hátt.

Hægt er að skila staðgreiðslu beint úr helstu launakerfum  
og virðisaukaskatti beint úr vefbanka Íslandsbanka.

ÞINN ÁVINNINGUR ER  
**ÞINN ÁVINNINGUR ER**

... engar biðraðir ... engin tímapressa ... minni pappír  
... auðvelt að greiða ... auðvelt að muna ...  
einfaldar bókhaldið ... einföld skil

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ  
**KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ**

Allar nánari upplýsingar má fá á [www.rsk.is/einfalt](http://www.rsk.is/einfalt)  
þar er einnig að finna upplýsingar um símaaðstoð.

Þú getur líka hringt í grænt númer, 800-6311.

RAFRÆN SKIL EINFÖLD SKIL  
**RAFRÆN SKIL - EINFÖLD SKIL**



# Breyttar áherslur og ný sjónarmið í skattaframkvæmd

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri

Á skattadegi Félags löggiltra endurskoðenda sem haldinn var þann 13. janúar sl. flutti Indriði Þorláksson ríkisskattstjóri erindi um áherslur og ný sjónarmið í skattaframkvæmd. Í erindinu tók hann til umfjöllunar hvernig framkvæmdin hefur þróast, verkefni, markmið og stefnu ríkisskattstjóra auk þess sem hann fjallaði um skipulag skattkerfisins í heild sinni. Hér á eftir er birtur hluti erindisins sem snýr að skattaframkvæmd og skipulagi skattkerfisins. Sleppt er þeim hlutum erindisins sem fjölluðu um innra skipulag RSK, markmið þess og stefnumótun.

## Þróun skattaframkvæmdar

„Það má vafalaust meta stöðu og þróun skattaframkvæmdar með mismunandi hætti. Ég hef kosið að gera það með skírskotun til fjögurra þátta sem ég tel að hafi afgerandi áhrif í þessum efnunum. Þeir eru í fyrsta lagi lagaumhverfið, sem marka verkefni skattyfirvalda, bæði skattalögin sem lýsa verkefnum þeirra og stjórnsýslulög sem setja starfsháttum yfirvalda ramma og reglur. Í öðru lagi eru það ríkjandi viðhorf í samfélaginu til stjórnsýslu og samskipta yfirvalda við borgarana. Í þriðja lagi er það skipulag skattastjórnsýslunnar og í fjórða lagi er það upplýsinga- og samskiptatækni.

Skattalögin sjálf hafa ekki breyst mikið á síðustu áratugum með tilliti til skattaframkvæmdar. Hlutverkum stofnana hefur ekki verið breytt, ef frá er talið að skattrannsóknir voru klofnar frá embætti ríkisskattstjóra snemma á tíunda



áratugnum. Innan ramma laganna hefur þróunin hins vegar orðið sú að vægi verkefna hefur breyst. Samræming skattaframkvæmdar, leiðbeiningar og lagatúlkun hefur aukist nokkuð m.a. vegna nýrra verkefna og ákvæða um bindandi álit. Stóra breytingin er hins vegar sú að verkefni sem tengjast tæknilegri skattaframkvæmd og þjónustu við viðskiptavini, bæði aðrar stofnanir skattkerfisins og skattaðila, hefur stóraukist og er í umfangi orðinn stærsti og kostnaðarsamasti hlutinn í starfsemi RSK. Að þessum verkefnum er þó varla vikið orði að í skattalögum

en tækniþróunin og auknar kröfur hafa orðið til þess að sífellt fleiri þjónustuverkefni eru unnin miðlægt svo sem uppbygging og stýring allra tölvu- og vinnslukerfa.

Hvað stjórnsýslulögin varðar má segja að bein áhrif af þeim á skattaframkvæmd séu ekki mikil þar sem skattalögin innihalda sjálf málsmeðferðarreglur í meira umfangi og eru einatt strangari en almennt er í löggjöf. Stjórnsýslulögin og ýmsar breytingar í réttarhari sem tengjast þeim hafa hins vegar haft mikil áhrif á þær kröfur sem gerðar eru til formlega réttrar málsmeð-

ferðar. Finnst sumum nóg um og telja að málefnaleg sjónarmið og miklir efnislegir hagsmunir séu stundum látnir vikja fyrir minni háttar formsatriðum. Meðalhófið er vandrátt í þessu sem öðru en víst er að breytt stjórnsýsluumhverfi að þessu leyti hefur aukið mjög kröfur til vinnubragða skattfyrivalda og lagt á þau aukna vinnu.

Sá þáttur sem hvað mestu hefur valdið um breytingar á störfum skattfyrivalda eru breytt viðhorf í samfélaginu til stjórnsýslu og breytt viðhorf stjórnsýslunnar til verkefna sinna. Á þetta ekki síður við skattinn en önnur stjórnvöld. Í stað þess að setja reglur, gefa fyrimæli og hafa eftirlit með að þeim sé fylgt er komið það viðhorf að skattfyrivöld hafi líka þjónustu að gegna. Þau eigi að hafa það að markmiði að aðstoða viðskiptavinum sína við að sinna skyldum sínum og njóta réttar síns. Þessi viðhorf sem hafa verið að ryðja sér til rúms í flestum löndum á síðasta áratug eða svo móta nú skattaframkvæmd í vaxandi mæli.

Skipulag skattastjórnsýslu er vissulega einn þeirra þátta sem móta skattaframkvæmd. Skipulag hennar hér á landi hefur verið nánast óbreytt í hartnær hálfa öld og kem ég að þeim málum síðar í erindi mínu.

Að lokum er að nefna upplýsinga- og samskiptatækni. Skattaframkvæmd er eiginlega ekkert annað en upplýsingaveita og -vinnsla þar sem upplýsingarnar streyma á milli skattfyrivalda, skattaðila og annarra sem aðild hafa að því ferli að ákveða skattalegar skyldur og réttindi skattaðila. Upplýsinga- og samskiptatæknin eru vinnutækin í þessu ferli. Skattkerfið hefur frá upphafi verið í fararbroddi hvað varðar hagnýtingu tækniframfara hér á landi. Það var meðal hinna fyrstu hér á landi sem tóku skýrsluvélavinnslu í sína þjónustu og frá upphafi tölvualdar hefur það einnig verið í fararbroddi.

Sú mikla þróun sem orðið hefur í upplýsingatækni á síðustu árum, m.a. með internetinu, hefur að sjálfsögðu haft áhrif á starfsemi skattkerfisins

langt út fyrir tæknilega skattaframkvæmd eina. Aðgengi að upplýsingum og miðlun þeirra er allt önnur en var og landfræðileg staðbinding verkefna er sífellt að minnka."

### **Skipulag skattkerfisins**

„Ég gat þess hér fyrr að skipulag skattkerfisins væri einn þeirra þátta sem hefðu áhrif á skattaframkvæmd og nauðsynlegt væri að líta til þess við mat á stöðu skattaframkvæmdar. Stofnanskipan skattkerfisins er í meginatriðum frá árinu 1962 þegar núverandi umdæmaskipan var tekin upp og skattstofur í núverandi mynd stofnaðar. Ekki er að efa að sú breyting hafi verið rétt á sínum tíma og hefur þetta fyrirkomulag reynst vel á margan hátt, þótt ákveðnir gallar hafi einnig verið raktir til þess og stundum komið upp umræða um hagkvæmni þessarar skiptingar. Það er því ekki óeðlilegt að fram hafi komið hugmyndir um breytingar í þessu efni og þá oftast í þá átt að sameina allt landið í eina skattstofu. Slík tillaga kom t.d. fram í fyrstu skattsvikaskýrslunni 1983 og þá sem liður í að efla skatteftirlit og fyrir nokkru var grein í blaði KPMG þar sem rökin voru fremur byggð á samræmi í skattaframkvæmd og hagkvæmni.

Á vettvangi stjórn mála hafa slíkar tillögur eða skref í sameiningarátt af og til komið fram í tengslum við sparnað og hagræðingu í ríkisrekstri en aldrei fengið verulegan hjómgrunn hjá stjórn málamönnum. Ekki þarf að efa að byggðasjónarmið hafa haft mikið að segja í þessu efni sem eðlilegt er. Vitað er að lítill pólitískur vilji er fyrir því að leggja niður starfsemi á landsbyggðinni en hinu er ósvarað hvort núverandi skipulag sé í raun og veru gott innlegg í byggðastefnu.

Afgerandi einkenni núverandi skipulags er að landinu er skipt í stjórnsýsluumdæmi í skattamálum og að tiltekin stofnun fer með stjórnsýslumboð innan hvers svæðis. Auk þess er miðlæg stofnun sem fer með samræmingu og þjónustu auk þess að hafa allvíðtækt

umboð til eftirlits og endurupptöku mála. Sá misskilningur virðist stundum uppi að hér sé um tvö eiginleg stjórnsýslustig að ræða. Svo er ekki. Skattaákvarðanir skattstjóra eru t.d. ekki kær- anlegar til ríkisskattstjóra þó svo hann hafi ákveðið endurskoðunarvald, eftirlitsskyldur og samræmingarhlutverk.

Spyrja má hvort þetta skipulag henti við þær breyttu aðstæður sem nú eru, hvort það sé æskilegt með tilliti til skattaframkvæmdar eins og hún er í dag og hvort það þjóni vel því hlutverki í byggðastefnu sem ætlast er til af því. Ég held að svarið við öllum þessum spurningum sé neikvætt. Umdæmskipting er óþörf og úrelt þegar litið er til starfshátta dagsins í dag. Samskipti borgaranna við skattinn eru ekki lengur á grundvelli persónulegrar afgreiðslu nema að litlu leyti, álagningarvinna o.s.fr. er ekki staðbundin. Umdæmskiptingin hindrar einnig að unnt sé að skipuleggja starfsemi skattkerfisins með hliðsjón af þörfum skattborgaranna og skattkerfisins. Þá má og fullyrða að hún sem slík sé ekki forsenda fyrir að halda uppi störfum að skattamálum á landsbyggðinni en getur hins vegar takmarkað möguleika í því efni.

Nýlega hafa tvö Norðurlandanna, sem byggt hafa á svipuðu stjórnsýslukerfi og við, gert grundvallarbreytingu á skipulagi skattastjórnsýslu hjá sér. Í stuttu máli fela þær breytingar í sér að landið allt er gert að einu stjórnsýsluumdæmi og stofnanir skattkerfisins, þ.e. skattstofurnar og hin miðlæga stofnun gerð að einni stofnun. Þetta er þó gert án þess að sameina allt á einn stað. Í báðum löndunum var ákveðið að halda uppi dreifðri starfsemi, í Svíþjóð á 9 stöðum eins og verið hafði og í Danmörku á ca. 30 stöðum sem ákveðnir voru í þessu sambandi. Hins vegar er ekki lögbundið eða fastbundið með öðrum hætti hvaða starfsemi er hvar. Hinni nýju stofnun er ætlað að skipuleggja starf sitt innan þessa ramma og færa til starfsemi og verkefni eftir því sem best hentar.

Eitt stjórnvald og eitt stjórnsýsluum-

dæmi felur í sér að einn aðili fer með skattastjórnsýslu í öllu landinu. Engin svæðaskipting eða stigaskipting stjórnvalda er við lýði. Það kemur hins vegar ekki í veg fyrir að starfseminni sé dreift eftir því sem æskilegt þykir hvort sem það er gert á grundvelli hagkvæmni í rekstri eða taki mið af byggðastefnu. Meginhugsun þessara skipulagshugmynda er að líta á skattaframkvæmd í víðtækum skilningi sem eina heild og skipuleggja hana með almenn og heildstæð sjónarmið í huga en láta ekki formleg eða landfræðileg sjónarmið ráða ferðinni. Markmið skattyfirvalda er að tryggja rétta og samræmda skattheimtu óháð búsetu og óháð því hver framkvæmir hana. Markmið skattyfirvalda er að veita sem besta þjónustu og þá skiptir ekki máli hver veitir hana. Markmið skattyfirvalda er einnig skil-

virgni sem ekki næst nema með sveigjanleika í dreifingu verkefna á starfsfólk og nýtingu á aðföngum. Þessum markmiðum er erfitt að ná nema hægt sé að haga verkaskiptingu þannig að ná megi fram nauðsynlegri sérhæfingu, að komist verði hjá tvíverknaði og að samskipti innan stjórnvaldsins séu sem einföldust.

Tímabært er að skipulag skattastjórnsýslu á Íslandi verði endurskoðað og m.a. kannað hvort svipaðar hugmyndir og að framan er lýst gætu átt við hér á landi. Ég tel að afnám stjórnsluumdæma myndi skapa forsendur fyrir bættu þjónustu skattyfirvalda, tryggja samræmi í skattaframkvæmd og auka skilvirgni. Ég tel einnig að slík skipan myndi auka möguleika á dreifingu starfseminnar á stofnanir utan suðvesturhornsins. Ég tel reyndar að

endurskoða ætti skipan fleiri þátta ríkiskerfisins. Þannig ætti t.d. að athuga flutning á innheimtu opinberra gjalda til skattkerfisins en slíka skipan er víða að finna og er á ýmsan hátt rökréttari en núverandi skipan. Þá ætti að koma til álita að sá hluti af starfsemi Þjóðskrár sem lýtur að íbúaskráningu, rekstri og framfærslu skrárinnar verði fluttur til skattkerfisins. Skattkerfið er líklega stærsti notandi þjóðskrárupplýsinga, það heldur sambærilegar skrár og hefur þá reynslu og tækni sem þarf til að reka slíka skrá með hagkvæmum hætti. Verulegan hluta af þessari starfsemi, þ.e. innheimtuna og þjónustu við Þjóðskrár, mætti staðsetja í starfseiningum skattsins úti á landi og gera þær einingar þar með lífvænlegri.



# Kaupverð hlutabréfa - ný reiknivél

Ein af þeim breytingum sem gerð var á persónuframtalínu í ár var að nú skal gera grein fyrir kaupverði hlutabréfa. Þetta er gert til að auðvelda útreikning á söluhagnaði hlutabréfa en það hefur staðið í mörgum framteljendum að finna hvert kaupverð hlutabréfa var þegar langur tími hefur liðið frá kaupum á þeim. Á næsta ári er síðan ætlunin að breyta eyðublaðinu fyrir kaup og sölu hlutabréfa.

Á eyðublaðinu verður haldið utan um eignabreytingar á hlutabréfum og kaupverð þeirra. Eyðublaðið verður sambærilegt við eignaskrá sem rekstraraðilar halda fyrir fyrnanlegar eignir.

Til að aðstoða framteljendur við að finna kaupverð hlutabréfa hefur verið útbúin reiknivél á vef ríkisskattstjóra þar sem hægt er að færa inn kaupár og kaupverð hlutabréfa til að finna út hvert heildarkaupverð þeirra er.



# Sektarheimild

## skattrannsókna­rstjóra ríkisins



SKÚLI EGGERT  
ÞÓRÐARSON  
skattrannsókna­rstjóri

Það munu vera orðnir réttir tveir áratugir síðan því var fyrst hreyft að sektir fyrir minni háttar skatta- og bókhaldsbrot yrðu ákveðnar af skattrannsókna­rstjóra. Nefnd sem kannaði umfang skattsvika á árunum 1984-1986 lagði til í skýrslu sinni, sem kom út í apríl 1986, að lögfest yrði „sektarheimild skattrannsókna­rstjóra vegna bókhaldsbrot.“ Þá og nú eru bókhaldsbrot fylgifiskur skattsvika og annarrar refsiverðrar háttsemi á skattalögum og augljóst var að unnt yrði að ljúka mörgum minni málum með þessum hætti. Á þessum árum var ástand bókhalds afar misjafnt.

Af og til hefur þessi hugmynd um

sektarvald skattrannsókna­rstjóra komið aftur upp og þá frekar í því formi að skattrannsókna­rstjóri fengi heimild til að ljúka minni skattsvika- og vanskilamálum með sektargerð. Síðast var það ein af tillögum skattsvikanefndar sem lauk störfum í desember 2004. Raunar var skattrannsókna­rstjóra nýlega fengið sektarvald vegna brota á lögum um olúgjald en ekki hefur enn reynt á refsíákvæði þeirra laga.

Í nýliðnum desember 2005 var samþykkt á Alþingi lagafrumvarp þar sem skattrannsókna­rstjóra er veitt heimild til að bjóða skattaðila að ljúka refsimeðferð í skattsvika- og/eða vanskilamálum með því að gangast undir sektarákvörðun sem ákveðin er af skattrannsókna­rstjóra ríkisins. Heimild þessi varð raunar frekar óvænt að lögum en er á margan hátt athyglisverð. Hún var hluti af breytingum sem gerðar voru á refsíákvæðum skattalaga og miðuðu að því að milda refsíákvæði þeirra í svokölluðum vanskilamálum. Frumvarpið

var þingmannafrumvarp og var það samþykkt mótakvæðalaust á Alþingi.

Refsimeðferð vegna skattalagabrotu hefur hingað til verið háttað þannig að annað hvort kærir skattrannsókna­rstjóri mál til lögreglu eða vísar því til sektar­meðferðar hjá yfirs­kattanefnd. Þó að þessar leiðir séu um margt ólíkar er þó í grundvallaratriðum sameiginlegt það einkenni að málum lýkur með dómi eða úrskurði að undangenginni sókn og vörn málsaðila. Það tekur ætíð nokkurn tíma að fá niðurstöðu í mál, oft geta liðið allt að 10 - 12 mánuðir frá því að yfirs­kattanefnd berst krafa skattrann­sóknarstjóra um sekt og þar til úrskurður liggur fyrir og mál sem send hafa verið í opinbera meðferð taka jafnvel enn lengri tíma.

Með hinum nýju lagaákvæðum er kveðið á um þriðju refsimeðferðarleiðina. Er skattrannsókna­rstjóra ríkisins eða löglærðum fulltrúa hans heimilað að gefa sökunaut kost á að ljúka refsimeðferð máls með því að gangast undir sekt hjá skattrannsókna­rstjóra. Þeim málalokum svipar á vissan hátt til sektar­gerðar lögreglu - utanréttarsátt - ákveðin af stjórnvaldi.

Fyrir heimild skattrannsókna­rstjóra hefur löggjafinn þó sett ströng skilyrði:

- brot þarf að vera talið skýlaust sannað
- sökunaut skal fyrirfram tilkynnt hver sektarfjárhæðin verður
- sökunautur þarf að fallast á að ljúka máli með þessum hætti
- sektarákvörðun skal lokið innan 6 mánaða frá því að rannsókn lauk.

Ljúki refsimeðferð máls með sektar­gerð hjá skattrannsókna­rstjóra verður því hvorki vísað til opinberrar meðferðar né sektarmeðferðar hjá yfirs­kattanefnd. Sektir geta numið frá 100 þús.



Lögfræðiskrifstofa skattrannsókna­rstjóra hefur borið hitann og þungann af undirbúningi sektar­framkvæmdar. Frá vinstri eru Theodóra Emilsdóttir, Skúli Eggert Þórðarson, Bryndís Kristjánsdóttir og Svana Bjarnadóttir.



kr. en þó aldrei hærrí fjárhæð en 6 milljónum kr. Við ákvörðun sektar skal hafa hlíðsjón af eðli og umfangi brota.

Eins og öðrum stjórnvaldssektum fylgir ekki vararefning ákvörðun skattrannsóknarstjóra ríkisins um sektir. Um innheimtu sekta sem ákveðnar eru af skattrannsóknarstjóra gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags.

Pá gera lögin ráð fyrir að senda skuli ríkissaksóknara skrá yfir mál sem lokið er með þessum hætti. Þar hefur ríkissaksóknari heimild til að bera ákvörðunina undir dómara til ónýtingar ákvörðuninni ef hann telur að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir sektarákvörðun skattrannsóknarstjóra eða málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti.


Skattrannsóknarstjóri hefur sett reglur til fyllingar lagaákvæðunum. Þær reglur hafa nú verið birtar á heimasíðu embættisins, [www.skattrannsoknarstjori.is](http://www.skattrannsoknarstjori.is). Í þeim reglum er m.a. að finna ákvæði um efni sektarboðs skattrannsóknarstjóra og hvernig sökunautur eigi að bera sig að, kjósi hann að ljúka refsimeðferð máls með greiðslu sektar. Einnig er fjallað um málsmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra að öðru leyti.

Ljóst má vera að frá sjónarhóli sökunautar er þessi leið hagfelld. Mál er afgreitt í lokaðri stjórnslumeðferð, sektarfjárhæðin er fyrirfram ákveðin, sektin er ákvörðuð í kyrrþey og máli er lokið mun fyrr en ef málið sætti annari meðferð.

Pegar fyrir lá að breyting þessi yrði að lögum hófst hjá embætti skattrannsóknarstjóra vinna við að koma þessum breytingum á fót. Sú undirbúningsvinna var þrískipt:

- að mynda skýra umgjörð utan um ákvarðanir skattrannsóknarstjóra með setningu viðmiðunarreglna
- að koma breytingunni á tæknilega, þ.m.t. að endurskilgreina verkferla og vinnufyrirkomulag hjá embættinu ásamt því að gera nauðsynlegar breytingar á tölvukerfum

## Ferill sektarákvörðunar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins



Verkferlar við sektarákvörðun skattrannsóknarstjóra

- að kynna breytinguna og koma henni til vitundar hlutaðeigandi; skattaðila, hagsmunaaðila, annarra skattyfirvalda og fleiri.

Öllum undirbúningi lauk í febrúar 2006 og fyrstu sektarboðin hafa verið send út. Eru vonir bundnar við að unnt

verði að ljúka minni málum með þannig vægara réttarúrræði en áður hefur verið unnt. Ætti því að verða unnt að ljúka fleiri málum fyrr með vægari niðurstöðu fyrir hlutaðeigandi skattaðila og minni tilkostnaði.


# Viðhorfskönnun á þjónustu

Í desember 2005 fór fram viðhorfskönnun á þjónustu skattfyrvalda. Könnunin, sem var gerð símleiðis, náði til 100 endurskoðenda og bókara og var talað við 50 manns úr hvorum hóp. Fyrirtækið Lausnir, samstarf um þekkingaröflun, gerði könnunina.

Spurningarnar voru flokkaðar í fjóra þætti, fyrst voru almennar spurningar um þjónustuna þar sem spurt var um afstöðu til embættis ríkisskattstjóra, helsta styrk þess og veikleika og svo um þjónustuna almennt. Síðan var spurt um upplýsingavefinn rsk.is, þá rafræna þjónustu og að lokum annað þar sem m.a. var spurt um þjónustu fyrirtækjaskrár og á skattstofum. Niðurstöður könnunarinnar voru bornar saman við sambærilega könnun sem gerð var á árinu 1988 að svo miklu leyti sem þær voru sambærilegar.

Ef skoðaðar eru niðurstöðurnar í heild sinni verður ekki annað ráðið en að viðhorfið hjá þessum hópi til skattfyrvalda sé yfir höfuð mjög jákvætt. Hér á eftir fara niðurstöður sem unnar voru úr svörum við nokkrum almennum spurningum:

## Hver er afstaða þín til rsk?



Af þessari niðurstöðu má ráða nokkra viðhorfsbreytingu frá eldri könnun, þar eð nú var enginn neikvæður í garð embættisins og þeim sem eru mjög jákvæðir hefur fjölgað verulega, eru nú 29% aðspurðra en voru 11% 1988.


Í þessu sambandi er rétt að líta til þess að fyrri könnunin var gerð fyrir tíma rafrænna skila, framtali einstaklinga var í fyrsta skipti hægt að skila rafrænt 1999, en þetta kemur skýrar fram í svörum við næstu spurningu.

## Hvern telur þú helsta styrk embættisins?




Á síðustu árum hefur mikil áhersla verið lögð á rafræn skil á sem flestum sviðum og netframtalið, bæði fyrir einstaklinga og rekstraraðila, hefur tekið miklum framförum. Þetta endurspeglast í svörum við þessari spurningu þar sem langflestir telja helsta styrk embættisins að finna í rafrænni þjónustu eða 29%. Nokkru færri eða 18% telja þjónustuna og starfsfólkið helsta styrk embættisins og aðrir þættir hafa minna vægi eins og sjá má.

## Hvern telur þú helsta veikleika embættisins?



Það sem vekur athygli hér er að stærsti hluti þeirra sem spurðir voru höfðu ekki svar við þessari spurningu og verður það að teljast af hinu góða fyrir embættið. Af þeim sem svöruðu töldu flestir seinagang vera helsta veikleikann en aðrir þættir höfðu mun minna vægi.

## Hver er reynsla þín af þjónustu rsk almennt?



Þarna hefur orðið mikil breyting frá niðurstöðum 1998 og mest aukning í efsta flokki, þ.e. hjá þeim sem telja sig hafa fengið mjög góða þjónustu, eða úr 11% í 37%. Enginn í könnuninni taldi að þjónustunni væri ábótavant. Mest áberandi í svörum var að fólk taldi þjónustuna vera skjóta og greiða og starfsfólkið viljugt að leysa úr málum.

Þegar spurt var út í þjónustu fyrirtækjaskrár töldu 40% fyrirsprjenda hana vera mjög góða, 47% töldu hana góða og 13% töldu hana þokkalega. Einnig var spurt hvort flutningur fyrirtækjaskrár til ríkisskattstjóra hafi verið til bóta og töldu 60% að svo hafi verið en einungis 9% að það hafi ekki verið til bóta. Aðrir eða 31% töldu engan mun eða tóku ekki afstöðu.

Þá kom nokkuð athyglisverð niðurstaða þegar spurt var hvort ætti að hætta dreifingu skattframtala einstaklinga á pappír, en þar töldu 47% að það ætti að gera en 48% töldu að halda ætti dreifingunni áfram en 5% tóku ekki afstöðu. Það sem helst kom fram í ummælum um spurningarnar var að það væri í lagi að hætta að senda eyðublöð-

in, en senda ætti áfram út veflykil og sundurliðunarblað, en þeir sem vildu halda áfram útsendingu framtala tiltóku flestir að eldra fólk þyrfti á pappírformi að halda þar sem það notaði síður tölvu.

Það má segja að þau markmið sem ríkisskattstjóri hefur sett í sambandi við framtalsskilin séu mjög í takt við þessar niðurstöður, þ.e. á sama tíma og stefnt er að því að gera framtalsskilin pappírslaus er til skoðunar með hvaða hætti megi auðvelda þeim framtalsskilin sem ekki gera grein fyrir öðrum upplýsingum en þegar eru í höndum skattfyrvalda. Ein af þeim leiðum sem til greina koma er að í stað þess að senda út framtöl sem skila þarf til skattfyrvalda séu einungis sendar út sundurliðaðar

upplýsingar sem skattfyrvöld hafa í sínum fótum, eða sundurliðunarblaðið eins og við þekkjum það núna. Í þeim tilvikum sem engu er við þær upplýsingar að bæta þá þurfi ekki að skila skattframtali.

Í heild sinni gefur þessi viðhorfskönnun til kynna að mikið hafi áunnist á síðustu árum hvað þjónusta varðar. Af svörum við þeim tuttugu spurningum sem bornar voru fram má draga mikinn lærdóm og margar góðar ábendingar komu fram um það sem betur má fara og hvernig skattfyrvöld geti bætt þjónustuna á sem skilvirkastan hátt. Þá verður skýrslan sem unnin var úr þessari könnun ekki hvað síst góður leiðarvísir í þeirri stefnumótunavinnu sem framundan er.

# Hvernig skatta viljum við?

Gissur biskup var ástsælli af öllum landsmönnum en hver maður annarra, þeirra er vér vitum hér á landi hafa verið. Af ástsæld hans og af tölum þeirra Sæmundar með umbráði Markúss lögmanns var það í lög leitt að allir menn töldu og virtu fé sitt og sóru að rétt virt væri hvort sem var í löndum eða lausaaurum og gerðu af tíund síðan. Það eru miklar jartegnir hvað hlýðnir landsmenn voru þeim manni er hann kom því fram að fé allt var virt með svardögum og lög á lögð að svo skal vera meðan Ísland er byggt.

Íslendingabók Ara fróða Þorgilssonar, 10. kafli

Frá örófi alda og allar götur síðan hefur mönnum orðið tíðrætt um skatta. Þeir voru Mósesi gamla ærið umhugsunar-efni, og andans jöfrar hafa löngum víðr- að skoðanir sínar á þeim, hvort sem þeir heita Shakespeare eða Zappa. Mannkynssagan gengur líka út á það, hverjir greiða hverjum skatta og hvað fæst fyrir þá. Staðreyndin er sú, að það er margur skatturinn í fjárhirslu yfirvalda. Í fljótu bragði má greina tvær megingreinar: tekju- og eignarskatt annars vegar og söluskatt hins vegar. Yfirleitt felst skattheimta í einhvers konar blandi beggja, þ.e. lagðir eru skattar á tekjur og eignir manna og líka á eyðslu þeirra.

Breytilegt er eftir þjóðfélagsgerð, tíðaranda, árferði, stjórnmalaflokkum og jafnvel mönnum hvað teljist sanngjörn og skilvirk skattheimta. Í bænda-samfélaginu skipti eignin öllu máli og þá gilti hið fornkveðna: **bóndi er bústólpi** og **bú er landstólpi**. Nú er öldin önnur. Húsnæði er ekki lengur sú fasteign, sem menn strituðu myrkranna á milli við að koma sér upp og entist jafnvel ekki ævin til að ljúka. Nei, nú er húsnæði orðið eins og hver önnur neyslvara. Menn skipta orðið jafnoft um húsnæði og bíl eða tölvu. Ný árgerð, nýtt módel, ný íbúð. Nú vilja menn bara bréf, en bréfum treysti enginn heilvita maður héraendis fyrir tíma þjóðarsáttar. Það er líka segin saga, að samhliða þessari viðhorfsbreytingu hafa skatt-

arnir breyst. Eignarskattur hefur verið aflagður og áherslan færst af föstum aurum yfir á lausa. Skattkerfi hvefrrar þjóðar er í reynd spegill hennar í tímans rás.

Hér er ætlunin að rifja upp helstu atriði í sögu skatta, allt frá tíund til vorra daga, en helstu bautasteinarnir á þeirri leið eru tíundarstatúta Gissurar biskups Ísleifssonar 1096/1097, tekjuskattslögin 1877-1921, og staðgreiðsla skatta árið 1988.

Tíundin er fyrsti skatturinn sem lagður er á héraendis. Ekki er vitað með vissu hvort hún var lögð á árið 1096 eða 1097, enda skiptir það varla máli héðan af. Tíundin var eignarskattur og samhliða setningu tíundarlaganna var lagt fast mat á land og aura. Viðhorf manna til skatta í þá tíð virðist hafa verið allt annað en nú er, ef marka má orð Ara fróða sem vitnað er til hér í upphafi. Það er eins með jarðamatið. Ekki er nokkur leið að afla óbyggjandi vitneskju um það hvernig það fór fram, og kemur þar margt til. Í fyrsta lagi voru kirkjujarðir ekki tíundarskyldar og myndaðist því tvenns konar verð á þeim jörðum sem kirkjan átti hlut í, eitt vegna tíundarinnar og annað miðað við frjálst söluverð jarðarinnar. Í öðru lagi gerðust menn djarfir til arfs og giptumála, auk þess sem kirkjan eignaðist í fyllingu tímans u.þ.b. helming alls jarðnæðis á landinu og lítið var um frjáls fasteignaviðskipti. Líklegt er að upphaf-



Jóhannes  
Hraunfjörð  
Karlsson

lega hafi tíundarmat jarðar og frjálst verð hennar í viðskiptum manna í millum haft eitt og hið sama verðgildi. Ísland er ekki eyland, og ekki ósennilegt að héraendis hafi gilt sömu eða svipaðar reglur og í þeim löndum sem næst okkur stóðu, þ.e. að dagsverkið hafi myndað grunneininguna til tíundarmats.

Upphaf tíundar má rekja langt aftur fyrir upphaf söguritarar til landanna fyrir botni Miðjarðarhafsins. Karlamagnús lögleiddi hana árið 779 í keisara-dæmi sínu og þaðan breiddist hún út um hinn kristna heim. Tíundin var tekju-skattur og innheimt af þeim verðmætis-auka sem hver skóp. Héraendis var tíundin hins vegar eignarskattur og myndaði lögbýlið skattstofninn. Greiddu menn 1% af verðmæti býlisins í tíund. Hún skiptist í fjóra jafna hluta. Einn hlutinn rann til biskups, annar til presta, þriðji til reksturs kirkna og fjórði til þurfamanna. Hafa skal í huga að þurfa-maður og ómagi var sitthvað. Þurfa-manninn vantaði ekki nema herslumun-inn upp á að geta framfleytt sér og sínum, en ómaginn var alveg upp á ættingja sína kominn.

Tíundin var mjög lágur skattur, samt nutu allir helstu embættismenn landsins svo og u.þ.b. önnur hver jörð á landinu undanþágu frá henni. Ástæða þess liggur fyrst og fremst í því að héraendis var virðisaukinn ekki skattlagður, heldur eignin -hið dauða fé-. Menn gerðu hins vegar ekki meira en rétt að skrimta á eigninni. Hún gaf ekki af sér tekjur og landsmenn söfnuðu því ekki í sameiginlega sjóði til sameiginlegra framkvæmda. Þetta kerfi var við lýði



hérlandis í átta aldir, eða frá byrjun 12. aldar og fram á þá 20., og lýsir best þeirri efnahagslegu kyrrstöðu sem ríkti hérlandis á flestum sviðum.

Um miðja 19. öld fer að rofa til. Íslenska þjóðin rífur sig upp með Jón Sigurðsson, forseta, og Fjölnismenn í broddi fylkingar. Í huga Jóns Sigurðssonar var fjárhagsmálið og stjórnarskrármálið tvær hliðar á sömu myntinni. Þegar stjórnarskráin var í höfn árið 1874 taldi hann tímabært að endurskoða skattalögin. Hann sagði m.a.:

**Hér ríður alþingi fremst af öllu á að hafa hagsýni, reisa sér ekki hurðarás um öxl í bráðina, en velja það til framkvæmda, sem er annaðhvort óumflýjanlega nauðsynlegt, eða sem getur helzt grundvallað og undirbúið framfarir á komandi tíma, bæði í andlegum og líkamlegum efnum. ... Skatta löggjöf vor þarf vissulega breytinga við, en af því hún er svo gömul og rótgróin, þá þarf að fara mjög varlega og hyggilega að henni, og þætti oss þar þurfa fyrst nákvæmar rannsóknar í nefnd til undirbúnings.**

Nefndin var skipuð og ný skattalöggjöf sá dagsins ljós árið 1877. Á þessum tíma áttu sér stað miklar breytingar á atvinnulífinu, þ.e. hlutur verslunar og iðnaðar jókst á kostnað landbúnaðar, og kaupstöðum óx fiskur um hrygg, t.d. þrefaldaðist íbúatala Reykjavíkur frá setningu laganna og til aldamótanna. Með lögunum var tekinn upp stighækkandi tekju- og eignarskattur í stað tíundar, jafnframt sem allar undanþágur frá greiðslu skatta voru afnumdar. Að þessu leyti voru Íslendingar á undan Dönum, en þeir tóku ekki upp tekjuskatt fyrr en árið 1903. Hér var þó ekki flanað að neinu, en almennt var lítið á eignina sem akkeri allrar fjárfestingar, eða eins og nefndarmenn komust að orði:

**[Þ]ar sem tekjurnar af arðberandi eign eru teknar á þurru landi, og optast án nokkurra affalla, en tekjurnar af atvinnunni að mestu eru komnar undir atorku og framkvæmdarsemi, og opt geta verið næsta stopular.**

Tekjuskatturinn náði bæði til eigna og tekna, annar hlutinn var stighækkandi hundraðshluti af launum og var mjög lágur. Hinn hlutinn, sem hugsaður var út frá kúgildisleigunni, var litlu hærri, eða 4% af eign. Menn fóru mjög varlega í alla skattheimtu í þá daga, enda flestir nægjusamir og neysluggarnir. Þingmenn vildu samt efla landsins gagn og nauðsynjar og koma upp varasjóði. Fyrir utan tekjuskattinn kom skattur á jarðir og lausafé og annar á hús í kaupstöðum. Þetta fyrirkomulag þótti flókið í framkvæmd, en erfiðlega gekk að koma lagabreytingum í gegnum þingið.

Víkur nú sögunni aftur til meginlands Evrópu. Með tekjuskattslögum Prússa árið 1892 hafði rutt sér til rúms svokölluð lindarkenning, en samkvæmt henni gátu eingöngu stofnar sem gáfu af sér reglulegar tekjur og voru varanlegir, verið tekjulindir. Þessir stofnar voru launavinna, atvinnurekstur og eignir. Óreglulegar tekjur, svo sem af eignasölu eða vegna happdrættisvinnings, voru þá ekki skattlagðar. Þessi lög höfðu mikil áhrif á Norðurlöndum og sjást greinileg merki þeirra í áður nefndum lögum Dana frá árinu 1903. Íslendingar tóku nú Dani sér til fyrirmyndar, eins og svo oft áður, og sömdu ný tekjuskattslög. Þar voru að vísu happdrættisvinnningar og eignasala skilgreind sem tekjulindir. Íslendingar vildu greinilega ekki vera eftirbátar annarra þjóða. Í framsögu Magnúsar Guðmundssonar, fjármálaráðherra, fyrir frumvarpinu segir hann:

**Meðal allra menningarþjóða er tekjuskatturinn og eignarskatturinn nú einn aðalskatturinn, en hjá oss hefir, að minsta kosti fram að árinu 1918, borið tiltölulega lítið á honum. ... Vjer verðum í þessu efni að feta í fótspor annara þjóða, enda er það viðurkennt af flestum, að þessi skattur sje einhver sanngjarnasti skattur, að öllu samantöldu, sem hægt er að finna.**

Lögin voru samþykkt á Alþingi 1921. Árið 1920 varð skattlaust, og skyldu skattar innheimtir samkvæmt lögunum árið 1922, en samkvæmt fyrri lögum voru skattar innheimtir tveimur árum eftir að teknanna var aflað. Nú skyldu

menn greiða skatt af árstekjum, árið eftir að þeirra var aflað. Þetta þótti mikil framför. Skattbyrðin jókst, enda var tilgangur laganna að afla ríkissjóði meiri tekna. Einstaklingar greiddu frá 3% til 18% af launum í tekjuskatt og útsvar, en hjón með tvö börn greiddu frá 1% til 15%. Þessi lög markaðu tímamót í sögu skatta hérlandis. Þau voru mjög vel unnin og tóku á ýmsu sem hafði legið lengi í láginni, sérstaklega að því er varðar fyrirtæki.

Á tímabilinu fram að setningu laga um staðgreiðslu skatta árið 1988 breyttist íslenskt þjóðfélag úr fátæku landbúnaðarsamfélagi í nútímalegt iðnríki með einna hæstu þjóðartekjur í heimi. Vitaskuld eru margir póstar á þessari leið. Heimsstyrjöldin hafði gífurleg áhrif hérlandis og opnaði augu Íslendinga rækilega fyrir umheiminum. Þá gjörbyltu efnahagsráðstafanir Viðreisnarstjórnarinnar árið 1960 samfélaginu, þegar haftastefnu fyrri ára var sagt stríð á hendur. Einn af hornsteinum þeirra breytinga var uppstokkun skattkerfisins og stofnun embættis ríkisskattstjóra árið 1962, auk níu skattumdæma hvert með sinn skattstjóra, og svo mætti lengi telja ...

Oft fylgir böggull skammrífi, og þessi gífurlegi vöxtur og þensla hafði einnig ýmsa ókosti í för með sér. Verst var verðbólgan, en á áttunda áratug tuttugustu aldar nam hún að meðaltali um 40%, en á níunda áratugnum var hún um 30%. Fólk krafðist aðgerða, en stjórnvöld sem dönsuðu eftir höfði sérhagsmunahópa og valdættu voru sein til. Margir misstu aleiguna í darraðardansi verðbólgunnar þegar laun stóðu í stað, en lán hækkuðu. Frægur varð svokallaður Sigtúnshópur sem kom fram á sjónarsviðið um miðjan níunda áratuginn til að berjast fyrir afnámi verðtryggingar. Stjórnvöld urðu að grípa til aðgerða, og samhliða kjarasamningum 1986 voru lög um staðgreiðslu skatta keyrð í gegnum þingið. Í kosningunum um vorið varð þetta eitt af hitamálunum og fór mikið fyrir því í svokallaðri hvítbók ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, sem ákvað að skipa nefnd til að endurskoða lögin. Í nefndarálitinu segir m.a.:

**Skattbyrði í staðgreiðslukerfinu er mun næmari fyrir kaupmáttarbreytingum, þannig hækkar greiðslubyrði ef kaup-**

máttur eykst, en rýrni kaupmáttur lækkar skattbyrði. Í ríkjandi skattkerfi með eftirgreiddum sköttum ræðst skattbyrði, að öðru óbreyttu, af hækkun tekna frá álagningarári til greiðsluárs. Þessi breyting er ákaflega mikilvæg og má ætla að hún leiði til aukins stöðugleika í þróun ráðstöfunartekna heimilanna og þar með í þjóðarþúinu öllu.

Staðgreiðslulögin tóku gildi í ársbyrjun 1988 og voru tekjur ársins 1987 skattlausar. Lögin gjörbreyttu þjóðfélaginu og lögðu m.a. grunninn að þjóðarsáttinni árið 1990, sem kvað verðbólguna niður.

Vitaskuld má alltaf deila um hvort kom á undan, hænna eða eggjó. Tíundin lagði grunninn að sameiningu landsins í eina heild, úr laustengdu sambandsríki goðorða í eitt þjóðríki. Tíundarlögin voru í gildi í 800 ár og lýsa fyrst og fremst kyrrstæðu þjóðfélagi, sem varla nokkuð gat haggað. Tekjuskattlöggin 1877 bera vott um vilja manna til að líta til framtíðar, en þá var lagður grunnur að fjárhagslegu sjálfstæði

landsins og landsmönnum tryggt það fjármagn sem þurfti til sameiginlegra þarfa þegar sambandið við Dani breyttist. Staðgreiðslulög skatta voru andsvar við því öryggisleysi sem ríkti í þjóðfélaginu. Þau hafa dregið úr tekju-sveiflum, tryggt stöðugleika og lagt grunninn að því að breyta fjármálaumhverfinu. Með þeim leið tími vertíða og skorpuvinnu undir lok.

Viðhorf manna til skatta hafa meðal annars verið könnuð í Bandaríkjunum. Árið 1972 töldu Bandaríkjamenn að tekjuskatturinn væri allra skatta sanngjarnastur, en árið 1994 er hann talinn sá ósanngjarnasti. Þessi viðhorfsbreyting hefur meðal annars verið skýrð út frá svonefndri lífshlaupskeningu þeirra Shefrins og Thalers. Samkvæmt henni öðlast menn ákveðinn sjálfsaga með aldrinum og geta slegið neyslu sinni á frest. Í öðru lagi fara þeir að skipta tekjunum niður á ákveðna pósta með mismunandi sveigjanleika, og í þriðja lagi ákvarða þeir sparnað sinn út frá stöðu þessara pósta. Samkvæmt þessu er viðhorf manna til skatta breytilegt eftir aldri. Menn virðast verða hallari undir neysluskatt eftir því sem þeir eldast. Þessi lýðfræðilega tenging gefur öllum

vangaveltum um skatta nýja vídd, og þarf engan að undra þótt nú njóti neysluskattar aukinna vinsælda.

Tekjuskatturinn hefur verið ein aðaltekjulind ríkja innan OECD alla 20. öldina, en nú virðist breyting verða þar á. Kemur þar margt til. Fyrst skal nefna að samhliða aukinni hagsæld á Vesturlöndum hefur einstaklingshyggjunni vaxið fiskur um hrygg. Hver er sjálfum sér næstur. Í öðru lagi hefur orðið gríðarleg breyting á aldursþýramída í vest-rænu samfélagi á síðustu áratugum. Því eldri sem menn verða, því minna vilja þeir greiða í skatta. Að lokum má nefna alþjóðavæðinguna, en oft er erfitt fyrir stjórnvöld að ákvarða í hvaða ríki skuli greiða tekjuskattinn. Þjóðríkið sem skóp tekjuskattinn er á hverfanda hveli.

#### Helstu heimildir:

Jóhannes Hraunfjörð Karlsson: Frá tíund til virðisauka. Saga skatta og kvaða frá upphafi til vorra daga. M.A. ritgerð í sagnfræði við H.Í. 1996.

Raymond A Zimmerman, Patricia Eason, Mary Gowan: „Taxpayer preference between income tax and consumption tax: Behavioral life cycle effects.“ Behavioral Research in Accounting. Sarasota: 1999. Vol.11 pgs. 111, 32 pgs

## IcePro verðlaunin til rsk



IcePro er samstarfsvettvangur ríkis og einkafyrirtækja til eflingar rafrænna viðskipta sem hefur það hlutverk að stuðla að einföldun og samræmingu í viðskiptum. Árlega veitir IcePro EDI-bikarinn í verðlaun fyrir framúrskarandi árangur á þessu sviði.

Verðlaunin 2006 komu í hlut embættis ríkisskattstjóra og tók Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri við bikarnum úr hendi Valgerðar Sverrisdóttur viðskiptaráðherra þann 27. febrúar sl. á aðalfundi IcePro sem haldinn var á Hótel Sögu.



# Upplýsingaskylda **BANKA**

Dómar héraðsdóms Reykjavíkur frá 30. mars 2006

**Í máli nr. E-4727/2005, Landsbanki Íslands gegn ríkisskattstjóra og gagnsök, í máli nr. E-4751/2005, Glitnir hf. gegn ríkisskattstjóra og gagnsök og í máli nr. E-4966/2005, Kaupþing Banki hf. gegn ríkisskattstjóra og gagnsök**

Forsaga mála þessara er sú að með lögum nr. 36/1991 var bætt inn í 92. gr. laga nr. 75/1981 ákvæði sem mælir fyrir um að allir aðilar, þar með taldir bankar, sparisjóðir og aðrar peningastofnanir, verðbréfamarkaðir og aðrir sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf, skuli ótilkvaddir afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um slík viðskipti og aðila að þeim, ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Þegar aðilar þeir sem tilgreindir eru í 2. mgr. 92. gr. höfðu ekki sent inn þær skýrslur sem mælt er fyrir um í ákvæðinu birti ríkisskattstjóri auglýsingu, dags. 8. janúar 2001, þar sem tilkynnt var að frestur fjármálastofnana til að skila upplýsingum af því tagi væri til 14. apríl 2001. Auk þessa ritaði ríkisskattstjóri fjármálastofnunum bréf þar sem hann fór fram á að fá umræddar upplýsingar. Í framhaldi af þessu áttu sér stað mikil samskipti milli samtaka banka og verðbréfafyrirtækja annars vegar og ríkisskattstjóra hins vegar þar sem samtökin lögðu m.a. áherslu á trúnaðarskyldu banka og verðbréfafyrirtækja gagnvart viðskiptamönnum þeirra og töldu aðildarfyrirtæki samtakanna að krafa ríkisskattstjóra um sundurliðaðar upplýsingar um hlutabréfakaup ættu sér ekki stoð í gildandi lögum og féllust þau ekki á að afhenda upplýsingar í því formi sem farið var fram á.

Með bréfi, dags. 25. maí 2004, krafði ríkisskattstjóri bankana um upplýsingar um öll viðskipti með hlutabréf á árinu 2003 og aðila að þeim viðskiptum í samræmi við eyðublað RSK 2.08 og auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 1/2004. Bankarnir töldu sér ekki heimilt að veita ríkisskattstjóra allar þær upplýsingar sem farið var fram á og urðu ekki að öllu leyti við kröfum ríkisskattstjóra.

Í kjölfarið höfðuðu bankarnir mál til viðurkenningar á því að þeim væri óskýlt að afhenda ríkisskattstjóra umræddar upplýsingar en ríkisskattstjóri gagnstefndi og fór fram á viðurkenningu á skyldu bankanna til að afhenda umbeðnar upplýsingar á grundvelli 2. mgr. 92. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

## **Dómur héraðsdóms Reykjavíkur**

Héraðsdómur rakti að í 92. gr. laga nr. 90/2003 fælist rík upplýsingaskylda. Mat á skattskyldunni væri svo fyrst og



fremst í hendi skattyfirvalda. Yrði að játa skattyfirvöldum meira svigrúm innan meðalhófsreglunnar en annars væri. Um þjóðfélagslega nauðsyn væri að ræða og löggjafinn ætlaðist til þess að upplýsingagjafinn bæri kvöðina bóta-laust. Tók dómurinn fram að þótt vera kynni að erfitt gæti verið eða jafnvel ómögulegt að gefa einhverjar af upplýsingunum samkvæmt 2. mgr. 92. gr. gæti það ekki leitt til þess að þar með félli upplýsingaskyldan niður. Taldi dómurinn að skýra yrði 2. mgr. 92. gr. svo að hún heimilaði ríkisskattstjóra að krefja bankana um þær upplýsingar sem hann fór fram á með bréfinu sem dagsett var 25. maí 2004. Yrði að telja tilgang lagagreinarinnar málefnalegan og beitingu ríkisskattstjóra á henni innan meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga. Féllst dómurinn á að frávikum frá þagnarskyldu samkvæmt 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, yrði að beita varlega og jafnframt skýra þau þeim í hag sem upplýsingaskyldan hvílir á. Það breyti þó ekki því að samkvæmt lagagreininni víki þagnarskyldan þegar skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Var niðurstaða dómsins sú að þagnarskyldu-ákvæðið gæti ekki heimilað bönkunum að víkjast undan upplýsingaskyldu samkvæmt 2. mgr. 92. gr. Hér bæri og að hafa í huga þagnarskyldu starfsmanna skattyfirvalda samkvæmt 117. gr. laga nr. 90/2003. Sú þagnarskylda tæki við þegar þagnarskylda 58. gr. laga nr. 161/2002 vikur og þagnarskyldan ríki því samfleytt um framangreindar upplýsingar þótt hún færist yfir á nýjan aðila. Héraðsdómur hafnaði því þeirri kröfu bankanna að viðurkennt yrði að þeim væri óskýlt að afhenda ríkisskattstjóra sundurliðaðar upplýsingar um öll viðskipti með hlutabréf og aðila að þeim viðskiptum á árinu 2003. Var sömuleiðis dæmt að bönkunum væri skylt að veita þær upplýsingar.

*Anna Dóra Helgadóttir*

# Skipting

## tekjuskatts milli ríkis og sveitarfélaga



Páll  
Kolbeins

Pótt tekjuskattur sé lagður á laun, hlunnindi og lífeyri einstaklinga í einu lagi er í reynd um tvo aðgreinda skatta að ræða, annars vegar almennan tekjuskatt, sem rennur til ríkis, og hins vegar útsvar sem rennur til sveitarfélaga. Við álagningu opinberra gjalda árið 2005, á


tekjur ársins 2004, var tekjuskattur 25,75% en útsvar, ákvarðað af hverju sveitarfélagi fyrir sig, var á bilinu 11,24% til 13,03%. Í staðgreiðslu árið 2004 var tekjuskattur einstaklinga, almennur tekjuskattur og útsvar, samtals 38,58%. Ríkið veitti hins vegar skattgreiðendum afslátt af tekjuskatti, svokallaðan persónuafslátt, sem gengur upp í skattinn. Við álagningu 2005 var persónuafsláttur 329.948 krónur. Skattgreiðendur geta nýtt persónuafslátt jafnt til greiðslu almenns tekjuskatts og útsvars og því greiða þeir ekki skatt af tekjum svo framarlega sem tekjuskatt-

ur, almennur tekjuskattur og útsvar, sem reiknaður er af skattstofninum er lægri en persónuafslátturinn sem ríkið veitir á móti skattgreiðslunni. Skattleysismörk ákvarðast þannig af persónuafslætti og álagningarhlutfalli tekjuskatts og útsvars. Tekjuárið 2004 voru skattleysismörk einhleypinga í staðgreiðslu 855.231 krónur á ári, en 38,58% af þeirri upphæð eru 329.948 krónur, eða jöfn upphæð persónuafsláttar. Tekjuskattur, almennur tekjuskattur og útsvar, eru greidd af tekjum umfram skattleysismörk og gildir þá einu fyrir skattgreiðendur hvort skattur-

### Nýting persónuafsláttar í tekjuskatt og útsvar álagningarárið 2005

Tekjur (í þús.)	Reiknaður skattur			Nýting persónuafsláttar		Tekjuskattur & útsvar greitt af gjaldanda	Tekjur af tekjuskatti	
	Tekjuskattur 25,75%	Útsvar 12,83%	Tekjuskattur & útsvar	Í tekjuskatt	Í útsvar		Tekjur ríkis	Tekjur sveitarfélags
0	0	0	0	0	0	0	0	0
100	25.750	12.830	38.580	25.750	12.830	0	-12.830	12.830
200	51.500	25.660	77.160	51.500	25.660	0	-25.660	25.660
300	77.250	38.490	115.740	77.250	38.490	0	-38.490	38.490
400	103.000	51.320	154.320	103.000	51.320	0	-51.320	51.320
500	128.750	64.150	192.900	128.750	64.150	0	-64.150	64.150
600	154.500	76.980	231.480	154.500	76.980	0	-76.980	76.980
700	180.250	89.810	270.060	180.250	89.810	0	-89.810	89.810
800	206.000	102.640	308.640	206.000	102.640	0	-102.640	102.640
900	231.750	115.470	347.220	231.750	98.198	17.272	-98.198	115.470
1.000	257.500	128.300	385.800	257.500	72.448	55.852	-72.448	128.300
1.100	283.250	141.130	424.380	283.250	46.698	94.432	-46.698	141.130
1.200	309.000	153.960	462.960	309.000	20.948	133.012	-20.948	153.960
1.300	334.750	166.790	501.540	329.948	0	171.592	4.802	166.790
1.400	360.500	179.620	540.120	329.948	0	210.172	30.552	179.620
1.500	386.250	192.450	578.700	329.948	0	248.752	56.302	192.450





inn rennur til ríkis eða sveitarfélags. Hins vegar snýr málið nokkuð öðruvísi við ríki og sveitarfélögum.

Sveitarfélögunum er tryggt útsvar af öllum útsvarsskyldum tekjum, hvort sem um er að ræða tekjur undir eða yfir skattleysismörkum, og því ber ríkið sem veitir skattaafslátt, í raun kostnað af útsvari þeirra gjaldanda sem eru undir skattleysismörkum eða nýta persónuafslátt til greiðslu útsvars.

Persónuafsláttur nýtist fyrst til greiðslu almenns tekjuskatts sem kemur í hlut ríkis, en það sem eftir stendur af afslættinum, eftir að búið er að nýta hann til greiðslu almenns tekjuskatts, nýtist gjaldandanum til greiðslu útsvars. Það má því líta svo á að ríkið

greiði sveitarfélögunum, í gegnum persónuafsláttinn, útsvar þeirra gjaldanda sem eru með tekjur undir skattleysismörkum og hluta þess eftir að skattleysismörkum er náð. Kostnaður ríkis af útsvari gjaldanda sem var með tekjur við skattleysismörk var 109.726 krónur árið 2005, ef miðað er við útsvarshlutfall í staðgreiðslu sem var 12,83%.

Þegar tekjur gjaldandans hafa náð skattleysismörkum og gjaldandinn fer að greiða tekjuskatt gengur skattgreiðslan fyrst til þess að greiða ríkinu útsvarið sem það hefur þegar greitt sveitarfélaginu fyrir skattgreiðandann en það sem eftir stendur, eftir að útsvarið hefur verið greitt að fullu, rennur til ríkisins. Skattgreiðandinn þarf að

hafa greitt fullan 25,75% tekjuskatt af 426.121 króna tekjum yfir skattleysismörkum áður en ríkið heldur einhverju eftir af tekjuskatti, en 25,75% af 426.121 krónum eru einmitt 109.726 krónur, eða jöfn útsvarinu sem ríkið hafði greitt fyrir gjaldandann á meðan hann var undir skattleysismörkum. Við álagningu árið 2005 hafði ríkið því ekki tekjur, heldur kostnað, af tekjuskatti einstaklinga sem voru með skattskyldar tekjur undir 1.281.351 kr. á ári, en kostnaður ríkis af persónuafslætti sem nýttur var til greiðslu útsvars var rétt rúmí fjórir milljarðar við álagningu 2005.

# Forskráning upplýsinga á skattframtöl einstaklinga 2006

Ríkisskattstjóri hefur sett sér það markmið að árið 2010 verði öflun upplýsinga til forskráningar á skattframtöl einstaklinga orðnar nægilegar til þess að a.m.k. annar hver framteljandi geti lokið framtalsgerð með undirritun framtalsins einni eða með lítils háttar breytingum á því.

Megintilgangurinn með forskráningu upplýsinga er sá að tryggja áreiðanleika þeirra, bæði gagnvart skattfyrirvöldum og hinum almenna framteljanda. Forskráning upplýsinga sparar ekki síður stofnunum og fyrirtækjum tíma og peninga, enda hefur verið tekið mjög vel í þetta markmið embættisins.

Skil á launum og öðrum starfs tengdum greiðslum jukust um 15 % frá því í fyrra, eða úr 482 milljörðum í 555 milljarða króna. Hluta þessarar hækkunar má rekja til almenns launaskriðs í þjóðfélaginu, en óhætt er að fullyrða að skil á launatengdum greiðslum hafi batnað. Í upplýsingunum endurspeglast líka gott atvinnuástand á landinu. Forskráning dagpeninga á framtöl jókst um 30% milli ára en forskráðar atvinnuleysisbætur frá Tryggingastofnun ríkisins lækkuðu um 56%. Þá létu mun fleiri fjármálastofnanir RSK upplýsingar í té til forskráningar í ár en í fyrra, eða 24 nú á móti 6 í fyrra. Flest lánin eru með fasteignaveð, eða 194.000, en önnur lán eru alls 73.000 talsins. Samtals eru forskráð lán frá fjármálastofnunum ein og sér tæplega 270.000 og varða flest heimili.

Lán frá Íbúðalánasjóði námu samtals 315 milljörðum króna og höfðu lækkað um rúmlega 13% frá því í fyrra. Lifeyrissjóðslán námu hins vegar 75 milljörðum króna. Samtals nema forskráð lán vegna íbúðakaupa 390 milljörðum króna, sem er svo til sama upphæð og í fyrra (383). Fastlega má þó gera ráð fyrir að skuldir vegna íbúðakaupa séu mun meiri. Tilfærsla húsnæðislána frá Íbúðalánasjóði til banka og sparisjóða hefur dregið úr þessari þjónustu RSK við fram-

teljendur, þar sem hvorki bankar né sparisjóðir létu RSK upplýsingar í té til forskráningar.

Þá eru ótalin önnur lán einstaklinga, s.s. námslán og bílálán, en alls voru forskráð á skattframtöl 41.500 lán frá LÍN og 31.000 bílálán. Bílálánin eru frá Lýsingu, SP-fjármögnun, Sjóvá-Almennum tryggingum eða lifeyrissjóðunum. Þetta er mjög svipaður fjöldi og í fyrra, en þá skilaði Glitnir einnig upplýsingum til forskráningar. Á móti kemur að í fyrra bárust ekki upplýsingar frá Sjóvá-Almennum en gera það nú. Alls voru forskráð á framtöl námslán að upphæð 67 milljarðar króna og bílálán að upphæð 16 milljarðar króna. Forskráð námslán hafa því hækkað um 9 milljarða frá því í fyrra, eða 15%. Bílálánin hafa hins vegar hækkað um 4 milljarða króna, eða 36%.

Jóhannes Hraunfjörð Karlsson

The image shows two overlapping tax forms from RSK (Ríkisskattstjórn). The top form is titled "SKATTFRAMTAL 2006" and the bottom one is titled "Almennar upplýsingar". Both forms contain various sections for reporting income, deductions, and family information. The forms are filled out with data, including names, addresses, and financial figures. The top form has sections for "Tekjur ársins 2005", "Almennar upplýsingar", "Börn fædd 1990 og síðar", "Samskiptun", "Hjá hjónum og sambúðarfólki", "Greinargerð um eignabreytingar", "Útreikningar á sjómannaafslætti", "Fengingur arfur", and "Staðgreiðsla af tekjum". The bottom form has sections for "Tekjur ársins 2005", "Launatekjur og startelngdar greiðslur", "Ókutækjastýrkur", "Lífeyrisgreiðslur", "Reiknað endurgjald", "Hreinar tekjur", "Frádráttur", "Stofn til útreiknings", "Tekjur erlendis", "Skattfrjáls", and "Staðgreiðsla af tekjum".

# Norrænt samstarf um innheimtu



Ástráður  
Karl  
Guðmundsson



Norðmenn buðu í júní 2005 til fundar, með vísan til ákvörðunar norrænna ríkisskattstjóra, þar sem ákveðið var að koma á reglulegum sameiginlegum ráðstefnum um framkvæmd innheimtu skatta og gjalda á Norðurlöndum.

Löggjöf um skattlagningu og innheimtu í þessum ríkjum byggir á samþærilegum grunni og því er gagnlegt að eiga þess kost að sækja hugmyndir og reynslu til hinna ríkjanna.

Fyrsta ráðstefnan var svo haldin í október 2005 og fjallaði hún um tölvukerfi við skattheimtu. Á hinum Norðurlöndunum er, ólíkt því sem er hér, greiðslu-móttaka, upplýsingagjöf, skuldajöfnuður og útsending ítrekana, hluti af skatt-yfirvöldum. Hins vegar er vanskilainn-heimta á hendi innheimtumanna.

Svíar hafa gert skipulagsbreytingu á skattheimtunni. Í landinu er nú ein skattstofa með mörgum útibúum. Auk þess hefur verið ákveðið að Krónufó- getinn, sem er sambland af innheimtu- manni ríkissjóðs og sýslumanni, verði hluti af skattayfirvöldum. Á sama tíma og Danir eru að taka upp víðtækan skattareikning, þ.e. að undir hann falla skattar, sektir, afnotagjöld, ofgreiddir námsstyrkir og fl., eru Svíar að henda út af sínum reikningi öðrum gjöldum en hreinum sköttum.

Eftir að gjaldandi kemst í vanskil með skattreikninginn lendir krafan hjá Krónufógetanum. Við það verða upp- lýsingar um vanskilin að opinberum upplýsingum sem eru aðgengilegar öll- um. Vanskil á sköttum geta því haft áhrif á það hvort aðilar geta keypt á afborgunum eða fengið lán. Fram kom

að Krónufógetinn hefur eftirlit með skiptastjórum í gjaldþrotabúum og skiptastjórnir fá skiptatrygginguna ekki greidda fyrr en gjaldþrotaskiptum lýkur.

Danir endurskipulögðu frá grunni álagningu og innheimtu skatta árið 2005. Hér eftir mun Skat sjá um álag- ningu og innheimtu allra tolla, skatta og gjalda. Auk þess munu þeir innheimta allar kröfur af hendi ríkissjóðs svo sem sektir, afnotagjöld sjónvarps, ofgreidda námsstyrki og fl. Stefnt er að upptöku eins skattareiknings samþærilegum þeim sem Svíar eru með. Inn á þennan reikning verða gjaldfærðar allar framan- greindar kröfur og allar greiðslur upp í þær.

Finnar eru með einn skattareikning eins og Svíar. Þeir stefna á endurskipu- lagningu álagningar og innheimtu skatta frá grunni eins og Danir. Jafn- framt verða gefin út ný lög um skatt- heimtu.

Norðmenn eru með svipaða fram- kvæmd skattheimtu eins og Danir höfðu fyrir endurskipulagninguna, þ.e. sveitarfélögin sjá um álagningu og inn- heimtu staðgreiðslu, þing- og sveitar- sjóðsgjalda, en skattayfirvöld sjá um aðra álagningu og innheimtu annarra

skatta. Jafnframt kynntu Norðmenn hvernig þeir nota áhættugreiningu við innheimtu skatta og gjalda. Í stuttu máli má segja að með því að keyra upplýs- ingar um einstaka gjaldendur úr van- skilakerfinu saman við upplýsingar úr skattframtölum viðkomandi gjaldanda og flokka gjaldendurna upp í hópa. Síð- an beita þeir mismunandi innheimtuað- ferðum við hvern hóp fyrir sig. Með þessu telja þeir sig tryggja að allir gjald- endur sem geta skilað sínu til sam- neyslunnar geri það án þess að beita þurfi harðari innheimtuaðgerðum en þörf er á. Þar sem álagning og inn- heimta er á sömu hendi er þetta í raun innanhúsvinnsla á upplýsingum. Þann- ig dugar að hringja í þann sem hefur ætíð staðið skil á sínu á meðan farið er strax í harðar aðgerðir gagnvart þeim sem vísitandi vilja ekki skila sínu.

Loks héldu fulltrúar Íslands kynningu á skipulagi innheimtumála hér á landi, kynntu tekjubókhalda ríkisins og hvernig skattkröfur eru settar inn á heimabanka gjaldanda. Síðasti liðurinn vakti veru- lega athygli enda hafa greiðslur á skött- um borist frá flestum heimsálfum með þessum hætti.

# Persónuafsláttur 1994 til 2005



Páll  
Kolbeins



Frá árinu 1994 hafa orðið talsverðar breytingar á tekjuskatti einstaklinga. Tekjuskattur er reiknaður sem hlutfall af tekjuskattsstofni en síðan er veittur afsláttur af skattgreiðslunni, þ.e. persónuafsláttur er dreginn frá reiknuðum skatti. Þegar skatturinn er orðinn hærri en persónuafslátturinn greiðir skattgreiðandinn skatt til ríkisins. Stjórna má skattbyrði með því að breyta skatthlutfallinu eða persónuafslætti.

Við álagningu í ár voru 223.225 einstaklingar á skattgrunnskrá, persónuafsláttur var 329.948 kr. á mann og var persónuafsláttur til ráðstöfunar því um 73.653 milljónir. Þar af voru 64.595 milljónir nýttar til greiðslu tekjuskatts, 4.053 milljónir voru nýttar til greiðslu útsvars, 394 milljónir voru nýttir til greiðslu eignar- og fjármagnstekjuskatts, en 4.611 milljónir voru ekki nýttar til greiðslu skatta. Þó að hér sé ekki um eiginleg ríkisútgjöld að ræða er engu að síður augljóst að „kostnaður“ ríkisins af því að veita afsláttinn er verulegur. Tiltölulega lítil breyting á persónuafslætti hefur óveruleg áhrif á skattgreiðslu einstaka skattgreiðanda, en getur hins vegar haft mikil áhrif á tekjur ríkisins af tekjuskatti. Frá árinu 1994 hefur persónuafsláttur hækkað mun minna en tekjuskatts- og útsvarsstofn. Þetta hefur leitt til þess að tekjur ríkisins af skattinum, sem hlutfall af skattstofni, hafa haldist nær óbreyttar þrátt fyrir að skatthlutfall almenns tekjuskatts hafi lækkað um nærri fjórðung á tímabilinu.

Við álagningu árið 1994 voru laun, hlunnindi, lífeyrir og aðrar tekjuskattskyldar greiðslur sem mynda tekjuskatts- og útsvarsstofn 229.316 milljónir. Tekjuskattshlutfallið var þá 34,3% og reiknaður tekjuskattur fyrir nýtingu persónuafsláttar var því 78.655 milljónir. Persónuafsláttur var þá 285.132 kr. á mann, samtals um 55.767 milljónir, en þar af nýttu skattgreiðendur 46.799 milljónir í tekjuskatt. Eftir að búið var að draga frá 2.616 milljónir í persónuaf-

slátt sem nýttist til greiðslu útsvars og 1.548 milljónir í skattaafslátt til sjómannanna var almennur tekjuskattur til ríkis 27.692 milljónir. Tekjuskattur til ríkis var því um 12,1% af tekjuskattsstofni en persónuafsláttur sem nýttist til greiðslu tekjuskatts var um 59,5% af reiknuðum tekjuskatti.

Við álagningu nú var tekjuskatts- og útsvarsstofn landsmanna orðinn 526.822 milljónir. Skattskyldar tekjur höfðu því hækkað um 129,7% frá





# Persónuafsláttur, tekjuskattur og útsvar árin 1994 til 2005

Álagningarár 1994 1995 1996 1997 1998 1999 2000 2001 2002 2003 2004 2005 Breyting  
Upphæðir í milljónum kr. 1994-2005

## Forsendur tekjuskatts

Tekjuskattshlutfall	34,30%	33,15%	33,2%	33,15%	29,31%	27,41%	26,41%	26,41%	26,08%	25,75%	25,75%	25,75%	-24,93%
Útsvar	7,04%	8,69%	8,8%	8,79%	11,57%	11,61%	11,93%	11,96%	12,68%	12,79%	12,80%	12,83%	82,26%
Persónuafsláttur													
á mann, kr. á ári	285.132	287.154	293.928	294.528	286.812	280.320	279.948	292.326	302.940	312.024	321.900	329.948	15,72%
Skattleysismörk í													
staðgreiðslu, kr. á ári	689.724	686.383	700.997	702.260	701.595	718.401	730.172	761.861	781.579	809.611	835.019	855.206	23,99%

## Tekjuskattsstofn og persónuafsláttur til ráðstöfunar

Fjöldi einstaklinga													
á skattgrunnskrá	195.582	197.408	199.259	201.470	203.697	206.482	209.742	214.142	215.610	217.063	219.685	223.225	14,13%
Tekjuskatts- og útsvarsstofn	229.316	235.335	244.970	263.371	281.991	321.337	354.556	393.668	434.453	461.238	483.342	526.822	129,74%
Persónuafsláttur til ráðstöfunar	55.767	56.686	58.568	59.339	58.423	57.881	58.717	62.599	65.317	67.729	70.717	73.653	32,07%

## Útreikningur tekjuskatts og útsvars

Reiknaður tekjuskattur	78.655	78.014	81.208	87.307	82.652	88.078	93.638	103.968	113.305	118.769	124.461	135.657	72,47%
Persónuafsláttur í tekjuskatt	46.799	47.047	48.628	50.134	48.366	48.633	49.916	53.907	56.745	58.823	61.610	64.595	38,03%
Persónuafsláttur í útsvar	2.616	3.384	3.514	3.284	4.441	4.239	4.160	4.177	4.116	4.284	4.225	4.053	54,94%
Sjómannaafsláttur	1.548	1.535	1.509	1.543	1.341	1.257	1.223	1.225	1.209	1.267	1.254	1.256	-18,89%
Almennur tekjuskattur til ríkis	27.692	26.047	27.557	32.346	28.503	33.949	38.340	44.658	51.236	54.394	57.371	65.752	137,44%
Útsvar til sveitarfélaga	16.136	20.450	21.512	23.137	32.642	37.304	42.305	47.067	55.068	59.020	61.883	67.597	318,91%

Skattar framteljenda sem hafa skilað ófullkomnu skattframtali, eða hafa, vegna sérstakra aðstæðna, ekki verið reiknaðir í álagningarferfi ríkisskattstjóra eru handreiknaðir af starfsmönnum skattstofa. Skattstofnar þessara framteljenda eru ýmist ekki fyrirbyggjandi eða ekki sambærilegir við skattstofna annarra framteljenda og er þeim því sleppt í töflunni hér að ofan.

Upplýsingar byggja á skattframtölum einstaklinga og miðast þær við stöðu gagna strax að loknum framtalsskilum þ. 2. júlí, fyrir breytingar sem gerðar eru vegna kærumeðferðar og síðbúinna framtalsskila.

álagningarárinu 1994. Tekjuskattshlutfallið var þá 25,75%, tæpum fjórðungi lægra en það var 1994. Reiknaður tekjuskattur var því 25,75% af skattstofni eða 135.657 milljónir. Á tímabilinu hafði persónuafsláttur hækkað í 329.948 kr. á ári, eða um rúm 15,7%. Framteljendum fjölgaði um 14,1% á tímabilinu og því hækkaði persónuafsláttur til ráðstöfunar um tæplega 32,1%, var samtals 73.653 milljónir. Persónuafsláttur sem nýttist til greiðslu tekjuskatts hækkaði nokkru meira, eða um 38% og var 64.595 milljónir, eða 47,6% af reiknuðum tekjuskatti. Eftir að búið var að draga frá sjómannaafslátt var almennur tekjuskattur til ríkisins 65.752 milljónir, eða 12,5% af tekjuskattsstofni. Þar sem persónuafsláttur hefur ekki fylgt þróun tekjuskattsstofns hefur almennur tekjuskattur hækkað um 3,3% á tímabilinu, þrátt fyrir að skattshlutfallið hafi lækkað um nærri fjórðung. Almennur tekjuskattur til ríkis hefur hækkað um 137,4% á tímabilinu,

meira en tekjurnar sem hann er lagður á.

Á sama tíma og tekjuskatts- og útsvarsstofn einstaklinga hefur hækkað um 129,7% og tekjuskattur til ríkis hefur hækkað um 137,4% hefur útsvar sem rennur til sveitarfélaga hækkað um 318,9%. Skýringar hækkanar útsvars umfram hækkan tekna er að leita í hækkan álagningarhlutfallsins, en útsvar var hækkað í tengslum við flutning grunnskólans til sveitarfélaganna o.fl. Við álagningu 1994 var meðalútsvar í landinu 7% en í fyrra var það 12,83%. Útsvarshlutfallið hefur því hækkað um tæp 82,3% á tímabilinu.

Útsvar er lagt á allan tekjuskatts- og útsvarsstofn skattgreiðenda, hvort sem um er að ræða tekjur undir skattleysismörkum eður ei. Sveitarfélögum er tryggt útsvar af öllum tekjuskatts- og útsvarsskyldum tekjum og því ber ríkið í reynd kostnaðinn af útsvari gjaldenda sem eru með tekjur undir skattleysismörkum. Einstaklingar sem eru með tekjur undir skattleysismörkum og

greiða því engan skatt af tekjum sínum nýta þann persónuafslátt sem ekki er nýttur til greiðslu tekjuskatts, til greiðslu útsvars. Að öðru óbreyttu ætti lækkan tekjuskattshlutfalls og hækkan útsvars að leiða til þess að meira af persónuafslætti nýtist til greiðslu útsvars. Persónuafsláttur sem nýttist til greiðslu útsvars hefur hækkað um 54,9% á sama tíma og persónuafsláttur sem nýttist til greiðslu tekjuskatts hefur hækkað um rúm 38%. Hins vegar hefur persónuafsláttur sem nýttur er til greiðslu útsvars lækkað sem hlutfall álagðs útsvars. Við álagningu opinberra gjalda árið 1994 voru 16.136 milljónir lagðar á tekjur einstaklinga í útsvar, en þar af voru 2.616 milljónir, greiddar af ríkinu í gegnum persónuafsláttinn. Við álagningu nú var útsvar 67.597 milljónir en persónuafsláttur sem nýttist til greiðslu útsvars var 4.053 milljónir. Persónuafsláttur sem nýttur er til greiðslu útsvars hefur því lækkað úr 16,2% af álagðu útsvari í 6%.

# Ársreikningaskrá og eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningskilastaðla



Jón Arnar  
Baldurs

Með breytingu á lögum um ársreikninga á vorþingi 2005 og innleiðingu á reglugerð Evrópusambandsins nr. 1606/2002 um alþjóðlega reikningskilastaðla var ársreikningaskrá falið eftirlit með beitingu þeirra. Ég ætla hér á eftir að fjalla um ársreikningaskrá og verkefni hennar, auk þess að fjalla um alþjóðlegu reikningasskilastaðlana, upptöku þeirra og eftirlit með beitingu þeirra í Evrópu.

## Ársreikningaskrá

Ársreikningaskrá sem starfrækt er af ríkisskattstjóra hafði áður en til þessarar breytingar á lögum um ársreikninga kom haft eftirfarandi verkefni:

- Að taka við ársreikningum (og samstæðureikningum þegar það á við) þeirra félaga sem semja skulu ársreikninga sína í samræmi við lög um ársreikninga.
- Að fylgja því eftir að skilaskyld félög skili ársreikningum á réttum tíma og hafa eftirrekstur með vanskilum.
- Að veita almenningi aðgang að ársreikningum og selja til þeirra ljósrit af hverjum þeim reikningi sem skila ber inn til ársreikningaskrár.
- Að hafa á hendi úrtaks kannanir á ársreikningum í því skyni að sannreyna að þeir séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða um ársreikninga.
- Að veita heimild til félaga til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli og hafa eftirlit með að félögin uppfylli skilyrði til þess.

- Tilnefnir endurskoðanda til að taka þátt í endurskoðunarstörfum að ósk félagsaðila, stjórnarmanns, eða framkvæmdastjóra ef endurskoðandi er ekki kjörinn.
- Að taka við tilkynningum um breytingu á reikningsári innan fimm mánaða frá lokum reikningsárs á undan breytingu.
- Að taka við tilkynningum um starfslok endurskoðanda.

Starfsmenn ársreikningaskrár eru í dag tveir, en unnið er að fjölgun starfsmanna til þess að takast á við aukin verkefni.

## Alþjóðlegir reikningskilastaðlar í Evrópu

Í reglugerð sinni nr. 1606/2002 ákvað Evrópusambandið að innleiða alþjóðlega reikningskilastaðla. Var það niðurstaða sambandsins að nota alþjóðlegu reikningskilastaðlana (International Accounting Standards, IAS) sem settir voru af Alþjóðareikningsskilaneftndinni (International Accounting Standards Committee, IASC) og túlkanir á þeim (Standing Interpretation Committee, SIC). Þetta á einnig við nýja alþjóðlega reikningsskilastaðla (International Financial Reporting Standards, IFRS) og túlkanir (International Financial Reporting Interpretation Committee, IFRIC) á þeim sem tekið hafa gildi eftir endurskipulagningu á Alþjóðareikningsskilaneftndinni, en nafni hennar var breytt í Alþjóðareikningsskilaráðið (International Accounting Standards Board, IASB). Upptaka staðlanna var hluti af því að bæta starfsemi innri markaðar Evrópusambandsins. Einnig var það markmið með reglugerðinni að bæta starfsskilyrði félaga og samræma reikningsskil þeirra innan Evrópusambandsins og evrópska efnahagssvæðisins.

Þeir staðlar sem félög skulu nota við gerð reikningskila sinna eru þeir alþjóð-

legu reikningsskilastaðlar sem samþykktir hafa verið og innleiddir af Evrópusambandinu. Til þessa dags hefur á hverjum tíma verið einhver munur á því hvaða staðlar hafa verið samþykktir af IASB og þeir sem hafa verið innleiddir af EB. Þó fer þessi munur hratt minnkandi og verður staðan vonandi fljótlega orðin sú að allir staðlar og túlkanir á vegum IASB verði innleiddir af Evrópusambandinu á sama tíma.

## Eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningskilastaðla

Eftirlit ársreikningaskrár með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla nær til allra þeirra félaga sem skylt er samkvæmt ákvæðum laga nr. 3/2006 um ársreikninga að beita þeim eða kjósa að nýta sér heimildarákvæði laganna til þess að beita þeim. Félögum sem hafa skráð hlutabréf sín í kauphöll er skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikningsskila sinna fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2005 eða síðar. Frá 1. janúar 2007 skulu hins vegar öll félög sem hafa skráð verðbréf í kauphöll, sem og íslensk dótturfélög þeirra beita alþjóðlegu reikningsskilastöðlum við gerð reikningsskila sinna. Þessu til viðbótar geta önnur félög nýtt sér heimildarákvæði laganna og beitt alþjóðlegu reikningsskilastöðlum við gerð reikningsskila sinna.

Samkvæmt lögum skal ársreikningaskrá hafa eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna í ársreikningum og árshlutareikningum þeirra félaga sem falla undir eftirlit hennar. Í dag eru undir eftirliti ársreikningaskrár vegna þessa 145 félög sem er skylt að beita stöðlum eða hafa kosið að nýta sér heimild til þess. Þessi félög skiptast þannig að 24 félög eru skráðir útgefendur hlutabréfa, 13 félög hafa nýtt sér

heimild til þess að beita stöðlunum og 108 félög eru dótturfélög fyrrnefndra félaga og hafa kosið að beita stöðlunum við gerð reikningssskila sinna.

Þau félög sem vilja nýta sér heimildarákvæði ársreikningslaga til þess að beita stöðlunum þurfa að uppfylla skilyrði laganna. Samkvæmt þeim þurfa þau að uppfylla tvö af þremur skilyrðum um stærðarmörk þannig að eignir nemi a.m.k. 230 mkr., rekstrartekjur a.m.k. 460 mkr. á ári eða fjöldi ársverka á reikningsári sé 50. Uppfylli félag þessi skilyrði skal það síðan tilkynna ársreikningaskrá um að það hyggist beita stöðlunum og skal sú tilkynning send ársreikningaskrá fyrir upphaf þess reikningsárs sem það hyggst fyrst beita stöðlunum. Félag skulu beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum í fimm ár samfleytt hið minnsta. Íslensk dótturfélög erlendra skráðra félaga innan evrópska efnahagssvæðisins þurfa hins vegar ekki að uppfylla framangreind stærðarskilyrði óski þau að nýta heimildarákvæðið til beitingar alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna í reikningsskilum sínum.

Ársreikningaskrá hefur mjög víðtækar heimildir til þess að framkvæma eftirlitið og getur krafist gagna frá stjórnendum félaga og endurskoðendum þeirra. Hins vegar hefur ársreikningaskrá engar heimildir til aðgerða gagnvart félögum telji hún að reikningsskil þeirra séu ekki í samræmi við alþjóðlegra reikningsskilastaðlana. Komi til ágreinings við félag um reikningsskil þess getur ársreikningaskrá samkvæmt núgildandi lögum einungis gert tvennt;

- birt opinberlega upplýsingar um athugasemdir þær sem gerðar eru við reikningsskil félagsins, sem félagið telur ekki þörf á að leiðrétta,
- eða sent málið til ríkislögreglustjóra til rannsóknar sem brot á lögum um ársreikninga.

Auk eftirlitsins hefur ársreikningaskrá það hlutverk að halda utan um og birta upplýsingar um þau félög sem skylt er að beita alþjóðlegra reikningsskilastöðlunum og þau sem nýta sér heimild til þess. Þetta er gert á vef ríkisskattstjóra, rsk.is, undir fyrirtækjaskrá og ársreikningar. Ársreikningaskrá skal einnig birta upplýsingar um niðurstöður



þess eftirlits sem framkvæmt er og verður það gert með sama hætti. Þá hefur ársreikningaskrá það hlutverk að innheimta af eftirlitsskyldum félögum umsýslu- og eftirlitsgjald. Nemur gjaldið kr. 100.000 á móðurfélag og kr. 50.000 á hvert dótturfélag innan samstæðu.

### **Samstarf eftirlitsaðila í Evrópu**

Í reglugerð Evrópusambandsins nr. 1606/2002 um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla er samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfa-markaði (The Committee of European Securities Regulators, CESR) falið að annast samræmingu eftirlitsins. CESR hefur til þessa gefið út tvo staðla varðandi eftirlitið og framkvæmd þess. Þessu til viðbótar hefur verið settur á fót samstarfsvettvangur eftirlitsaðila í Evrópu (European Enforcers Coordination Session, EECS). Þátttakendur í EECS eru allir eftirlitsaðilar í Evrópu, þar með talin ársreikningaskrá. Hlutverk EECS er að samræma þær ákvarðanir sem eftirlitsaðilarnir taka. Þar eru mál sem koma upp í einstökum löndum rædd og til hvaða aðgerða eftirlitsaðillinn í því landi skuli grípa. Það er hins vegar hlutverk eftirlitsaðila í hverju landi að taka ákvarðanir um að-

gerðir og eru þeir því ekki bundnir af þeim niðurstöðum sem fást við umræður á vegum EECS. Fundað er á eins til tveggja mánaða fresti í EECS og er á vegum þess rekinn gagnagrunnur þar sem allir eftirlitsaðilarnir eru skyldugir til þess að skrá þær ákvarðanir sem þeir taka. Í gagnagrunninn er skráð nákvæm lýsing á því máli sem upp kemur og þeirri ákvörðun sem eftirlitsaðillinn tekur í því. Þetta er gert til þess að eftirlitsaðilarnir geti flett upp þeim ákvörðunum sem aðrir eftirlitsaðilar hafa tekið til þess að hafa til hliðsjónar þegar þeir taka sjálfir ákvarðanir.

Ársreikningaskrá er nú að hefja eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla í ársreikningum félaga fyrir árið 2005. Þar sem fjöldi þeirra félaga sem undir eftirlitið falla er mikill og geta ársreikningaskrár til skoðunar þeirra takmörkuð, er ljóst að ekki verður hægt að taka til skoðunar ársreikninga allra félaga sem falla undir eftirlitið. Verður því valið ákveðið hlutfall þeirra og beitt við það val bæði áhættugreiningu og úrtakskönnunum. Ársreikningaskrá mun síðan í upphafi árs 2007 gera grein fyrir því eftirliti sem framkvæmt verður á árinu 2006, auk þess sem tilkynnt verður jafnharðan um þau mál sem upp koma, teljist það nauðsynlegt.

# CFC-löggjöf

## samsköttun félaga á lágskattasvæðum og eigenda þeirra



INDRIÐI H.  
ÞORLÁKSSON  
ríkisskattstjóri

Um nokkurt skeið hefur verið til umræðu að lögfesta hér á landi svokallaða CFC-löggjöf. Löggjöfin hefði það í för með sér að erlend félög í íslenski eigu yrðu samsköttuð með eigendunum í þeim tilvikum sem félögin eru stofnuð og skráð á lágskattasvæðum. Löggjöf af þessum toga er alþekkt og til staðar í nær öllum löndum hins vestræna heims. Tilgangur hennar hefur verið að hamlar gegn skattasniðgöngu sem tíðkast þegar innlendir aðilar leyndu eignum sínum með því að flytja tekjur úr landi í félög sem stofnsett eru á lágskattasvæðum án þess að hafa raunverulega starfsemi þar. Á Íslandi hefur enn sem komið er ekki verið sett samþærileg löggjöf e.t.v. vegna þess að talið hefur verið að ráðstafanir eins og lýst var hér að framan væru ekki algengar. Á því hefur nú orðið mikil breyting í kjölfarið á auknu frjálsræði hvað varðar flutning fjármuna milli landa.

CFC-löggjöf (CFC = Controlled Foreign Corporation) er algengasta ráðstöfun ríkja gegn undanskoti skatta með framangreindum hætti. CFC-reglur voru teknar upp í Bandaríkjunum á sjöunda áratug síðustu aldar og hafa á síðustu árum verið teknar upp í fjölda annarra landa. Á vegum OECD hefur um alllangt skeið staðið yfir áttak til að draga úr skaðlegri skattastarfsemi sem

á m.a. að koma í veg fyrir notkun lágskattasvæða til að koma tekjum undan skatti í því landi sem á skattlagningarréttinn samkvæmt almennt viðurkenndum alþjóðlegum skattarétti. Ein þeirra ráðstafana sem OECD hefur mælt með og bent aðildarríkjunum á er að hafa CFC ákvæði í löggjöf sinni. Hafa flest aðildarríkin þegar sett slík ákvæði í lög sín m.a. öll hin Norðurlöndin. Hafa þau styrkt þessa löggjöf og hert á síðustu árum í ljósi fenginnar reynslu og aukinnar misnotkunar. Þannig breyttu Svíar CFC-löggjöf sinni á árinu 2003 og Danir á árinu 2004 og Norðmenn settu sér slíka löggjöf á árinu 2002.

Tilgangur CFC-reglna í löggjöf er að koma í veg fyrir skattalegar ráðstafanir með aðild lögaðila í skattaparadísu, sem hafa þann tilgang einan að komast undan eðlilegri skattlagningu í heimalandinu og grafa þannig undan skattstofni þess. Sem dæmi um ráðstafanir af þessum toga má nefna:

- innlent móðurfélag greiðir erlendu dótturfélagi óeðlilega háa vexti og gjaldfærir þá í skattauppgjöri sínu og lækkar þannig skattstofn sinn,
- erlent dótturfélag er talið eigandi óefnislegra verðmæta (réttinda, hugverka, einkaleyfa o.s.fr.) eða tækja og innlenda móðurfélagið greiðir þóknunir eða leigu og gjaldfærir í rekstri sínum,
- innlendir menn stofnsetja félög erlendis og leggja inn í það innlend skuldabréf, vextirnir af þeim eru þá greiddir „erlendum“ aðila og þannig komið undan skattlagningu hér á landi,
- tekjur eru fluttar til tengds erlendis aðila með röngum milliverðsákvörð-

unum, sölu á eignarhlutum á undirverði o.s.frv.

Skattfrjáls hagnaður sem þannig myndast hjá hinu erlenda félagi er síðan tekinn út úr því með ýmsum hætti. Meðal annars þekkist að eigendur hinna erlendu félaga hafi krítarkort á nafni þeirra og greiði með þeim fyrir einkaneyslu sína.

CFC-löggjöf er ekki flókin. Meginefni hennar er annars vegar skilgreining á því til hvers lögin taka, þ.e. hvaða innlendra aðila, (einstaklinga og lögaðila) og hvaða erlendra félaga. Hins vegar hvernig skattstofnar eru reiknaðir þegar skilgreiningarnar eiga við og einhverjir einstaklingar og félög falla undir lögin. Sé tekið mið af norsku lögunum þá ná þau til eigenda hlutafjár eða hluta í lögaðilum sem að formi til væru skattskyldir að norskum lögum og eru í norskum umráðum en hafa samkvæmt skráningu heimilisfesti á lágskattasvæði. Norsk umráð teljast vera til staðar ef að minnsta kosti helmingur hlutafjár eða hluta í félaginu eða starfseminni er í eigu eða umráðum norskra skattaðila. Lágskattasvæði skv. norsku lögunum telst vera land eða hluti úr landi þar sem almennur tekjuskattur er minna en 2/3 af því sem slíkt félag yrði að greiða starfaði það í Noregi miðað við sömu reglu og gilda þar um skattlagningu félaga.

Hvað skattlagningarreglur varðar, eru þær einfaldlega að tekjur og gjöld hins erlenda aðila eru lagðar við tekjur og gjöld innlenda eigandans og skattstofn reiknaður eftir sömu reglum og gilda innanlands. Auk þessa eru í lögunum sérákvæði um nýtingu á tapi og ákvæði til að koma í veg fyrir tvískattlagningu á arð.





Ekki er að efa að brýn og vaxandi þörf er fyrir ákvæði sem þessi í íslenska skattalöggjöf. Í skýrslu um umfang skattsvika á Íslandi sem kynnt var á Alþingi í desember 2004 var CFC-löggjöf ein þeirra ráðstafana sem talin var brýnust í þeim tilgangi að draga úr skattsvikum. Í þeirri skýrslu er gerð grein fyrir ýmsum leiðum til skattsvika sem viðgangast í skjóli svokallaðra lágskattasvæða eða skattaparadísanna og eins kemur fram í henni að í fjölmörgum skattsvikamálum á undanförunum árum hafa komið fram tilvik sem sýna að þessar leiðir eru notaðar í stórum stíl af íslenskum skattaðilum. Síðan efni skýrslunnar var tekið saman hefur ástandið ekki batnað. Hjá embætti

ríkisskattstjóra hafa verið til athugunar fjölmörg mál einstaklinga og félaga þar sem skattasniðganga af þessum toga er iðkuð og vernduð í skjóli upplýsingaleyndar skattaparadísanna og milligönguaðila, sem falbjóða og markaðssetja þá þjónustu að stofnsetja og reka póstkassafyrirtæki. Er grátlegt til þess að vita að íslensk fyrirtæki skuli með slíku háttalagi taka þátt í því að grafa undan því samfélagi sem þau eiga tilveru sína að þakka.

Reynslan hefur sýnt að lágt skatthlutfall á félög og lágur skattur á fjármagnstekjur hefur lítil áhrif til að draga úr skattsvikum af því tagi sem CFC-löggjöf er ætlað að taka á. Sífellt færirist í vöxt að eignarhaldi á íslenskum félög-

um er komið fyrir í félögum, sem ýmist eru skráð erlendis eða eru sjálf í eigu erlendra eignarhaldsfélaga. Íslenskir einstaklingar koma þó fram sem forsvarsmenn þeirra t.d. í viðskiptum með hlutabréf, sem bendir til þess að hin erlendu félög séu í eigu þeirra. Við skoðun á eignarhaldi á íslenskum fyrirtækjum vekur athygli að stór og sívaxandi hluti eignarhalds í sumum íslenskum stórfyrirtækjum er í höndum félaga, sem skráð eru erlendis og þá oft í skattaparadísnum eða á öðrum lágskattasvæðum, stundum að því marki að varla er lengur hægt að tala um að félögin séu í íslenski eigu.

# Úrskurðir og dómar



ANNA DÓRA  
HELGADÓTTIR

## Úrskurður yfirsattanefndar nr. 271/2005 Tekjuskattur - söluhagnaður hlutabréfa - tapað hlutafé

Ágreiningur máls þessa laut að því hvort kæranda hefði verið heimilt við uppgjör söluhagnaðar hlutabréfa í skattframtali að draga frá söluhagnaði hlutabréfa tapað hlutafé í erlendu félagi A. Kærandi gerði grein fyrir því að hlutabréfin hefðu orðið verðlaus er félaginu var slitið vegna rekstrarerfiðleika. Í úrskurði yfirsattanefndar er rakið að samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, er óheimilt að draga tap af sölu eigna, sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri, frá skattskyldum tekjum. Áður en skattskyldur hagnaður af sölu eigna er ákveðinn má skattaðili þó draga frá heildarhagnaðinum það tap sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna sölu sams konar eigna á sama ári. Yfirsattanefnd benti á að síðastnefnt ákvæði ætti ekki við í tilvikum kæranda, enda væri ekki um að ræða tap af sölu hlutabréfa heldur varðaði krafa kæranda tapað hlutafé. Kröfu kæranda var því hafnað.

## Úrskurður yfirsattanefndar nr. 299/2005 Tekjuskattur - kaupréttur að hlutabréfum - óvenjuleg skipti í fjármálum - kaupauki

Kærandi, sem var forstjóri A hf., gerði samning við A hf. um rétt til að kaupa hlutabréf í félaginu í þremur áföngum á fyrirfram ákveðnu verði. Áður en til nýtingar kaupréttarins kom framseldi kærandi hluta af kaupréttinum til erlends félags, B Ltd., sem var að öllu leyti í eigu kæranda sjálfs, án endur-

gjalds. Yfirsattanefnd féllst á með kæranda að skattalög girtu ekki fyrir framsal umræddra réttinda, enda væri gengið út frá því í skattalögum að framsal slíkra réttinda gæti átt sér stað. Yfirsattanefnd taldi þó að skýra yrði 1. tölul. A-liðar 7. gr. og 9. gr. laga nr. 90/2003 svo að skattleggja bæri hjá starfsmanni sem launatekjur tekjur af sölu eða annarri fénytingu hans á kauprétti að hlutabréfum miðað við verðmæti kaupréttarins við sölu. Skattstjóri hafði hins vegar ekki byggt á því að framsal kæranda á kauprétti sínum til B Ltd. ætti að leiða til skattlagningar á þessum grundvelli, heldur taldi skattstjóri að vegna atvika málsins væri um að ræða óvenjuleg skipti í fjármálum í skilningi 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003. Yfirsattanefnd tók fram að um væri að ræða afhendingu kæranda á hinum umdeilda kauprétti til B Ltd. án nokkurs endurgjalds. Veruleg fjárhagsleg verðmæti hefðu þó verið fólgin í kaupréttinum á framsalsdegi. Var fallist á með skattstjóra að viðskipti kæranda og B Ltd. hefðu verið verulega frábrugðin því sem almennt gerðist í slíkum viðskiptum og að ekki yrði annað séð en að tilgangur með ráðstöfunum þessum hefði fyrst og fremst verið skattalegur ávinningur. Var talið að líta bæri framhjá framsali kæranda á kauprétti sínum að hlutabréfunum í skattalegu tilliti og skattleggja tekjur af nýtingu B Ltd. á kaupréttinum hjá kæranda.

## Úrskurður yfirsattanefndar nr. 335/2005 Virðisaukaskattur - bygging íþróttamannvirkis - frjáls og sérstök skráning - aðstöðuleiga

Kærð var sú ákvörðun skattstjóra að fallast einungis að hluta á sérstaka skráningu, skv. 6. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, vegna byggingar íþróttamannvirkis. Skattstjóri synjaði um sérstaka skráningu að því er varðaði 70% eignarinnar á þeim forsendum að sá hluti hefði þegar verið leigður út til sveitarfélags án undanfarandi frjálsrar skráningar. Þar með væru skilyrði

sérstakrar skráningar brostin þar sem eignin hefði hvorki verið seld skattskyldum aðila né leigð út með virðisaukaskatti á grundvelli frjálsrar skráningar. Hefði eignin þannig verið tekin til óskattskyldra nota og sú ráðstöfun bryti í bága við ákvæði reglugerðar nr. 577/1989. Varakröfu kæranda, þess efnis að heimiluð yrði sérstök skráning vegna 49,1% hluta eignarinnar, þ.e. þess hluta sem kærandi taldi að hefði ekki verið tekinn í notkun fyrr en eftir að starfsmenn skattstjóra hefðu verið upplýstir um málið, hafnaði skattstjóri einnig. Ítrekaði skattstjóri að þeim hlutum eignarinnar sem um væri að ræða hefði verið ráðstafað til sveitarfélags með leigusamningum og yrði ekki talið að neinu máli skipti hvenær einstakir hlutar hefðu verið teknir í notkun. Ætluð vitneskja starfsmanna skattstjóra um fyrirhugaðar breytingar á eignarhaldi skiptu jafnframt engu.

Yfirsattanefnd tekur í úrskurði sínum að mestu leyti undir skoðanir skattstjóra og ríkisskattstjóra. Taldi yfirsattanefnd að í raun væri leiga sú sem málið snerist um ekki fasteignaleiga heldur leiga á aðstöðu til sveitarfélagsins og segir síðan: „Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra nr. 942/2000 er þannig talið að leiga til stofnunar sveitarfélags á aðstöðu til knattspyrnuíðkunar, í tiltekinn klukkustundafjölda á fyrirfram ákveðnum tíma [...] falli undir ákvæði 5. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 þar sem leiga á aðstöðu til íþróttastarfsemi er undanþegin virðisaukaskatti. Er tekið fram í bréfinu að ekki sé til staðar heimild til frjálsrar skráningar vegna umræddrar starfsemi.“ Þessi frjálsa skráning hefði þó verið forsenda eftirfarandi sérstakrar skráningar fyrir kæranda. Öllum kröfum kæranda hafnað.

## Úrskurður yfirsattanefndar nr. 355/2005 Tekjuskattur - starfslokasamningur - lotun og eðli tekna - málsmeðferð skattstjóra

Kærandi var ráðinn forstjóri A hf. á árinu 1999 til fimm ára. Ágreiningur í mál-

inu laut að skattalegri meðferð greiðslna til kæranda samkvæmt samkomulagi um kjör vegna starfsloka hans hjá A hf. á árinu 2002. Var m.a. deilt um hvort virða bæri greiðslurnar sem laun eða skaðabætur. Yfirskattanefnd féllst á með kæranda að með greiðslum samkvæmt samkomulagi um kjör hans við starfslok hefði í meginatriðum aðeins verið staðfest að kærandi nyti starfskjara samkvæmt hinum tímabundna ráðningarsamningi vegna þess tíma sem eftir lifði af samningnum, auk ávinnslutíma starfskjara. Þótti yfirskattanefnd mega byggja á því að umræddar greiðslur A hf. til kæranda teldust laun en ekki bætur fyrir fjárhagstjón vegna atvinnuþess. Þá var fallist á með kæranda að greiðslurnar kæmu til tekjufærslu eftir því sem þær féllu til, enda var sú lotun tekanna talin vera í samræmi við meðferð sambærilegra greiðslna, svo sem biðlauna. Af þessum niðurstöðum leiddi að 16% framlag A hf. til líffeyrissjóðs vegna kæranda taldist ekki til skattskyldra tekna kæranda.

**Úrskurður yfirskattanefndar nr. 356/2005**  
**Tekjuskattur - hluti íbúðarhúsnæðis leigður til einkahlutafélags - rökstuðningi skattstjóra áfátt**

Ágreiningur í máli þessu varðaði niðurfellingu tilfærðra rekstrartekna kæranda sem voru frá einkahlutafélagi í eigu kæranda, m.a. vegna leigu félagsins á hluta af íbúðarhúsnæði í eigu kæranda. Ennfremur felldi skattstjóri niður tilfærð rekstrarútgjöld að fullu. Ákvörðun skattstjóra var reist á því að ekki væri um að ræða atvinnurekstrartekjur heldur reiknaðar tekjur vegna tilfallandi afnota félagsins af hluta af íbúðarhúsnæði kæranda, en til þess að kostnaður vegna húsaleigu yrði talinn frádráttarbær frá tekjum yrði að gera kröfu til þess að um raunverulegt atvinnurekstrarhúsnæði væri að ræða og að notkun húsnæðisins í þágu rekstrar væri svo umfangsmikil að um afmarkaðan hluta af húsnæðinu væri að ræða. Máli sínu til stuðnings vísaði skattstjóri til úrskurðar yfirskattanefndar nr. 59/2002 og tók fram að sömu sjónarmið og þar kæmu fram varðandi afnot einkafirma af íbúðarhúsnæði eiganda hlytu að eiga við í þessu sambandi. Að auki vísaði

skattstjóri til 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003 um óvenjuleg skipti í fjármálum. Taldi skattstjóri að rétt hefði verið að beita þeirri meginreglu að atvinnurekstur greiddi hlutdeild í þeim viðbótarkostnaði sem félli til vegna hinna tilfallandi nota, s.s. rafmagn, hita o.þ.h.

Varðandi tilvísun skattstjóra til framangreinds úrskurðar, benti yfirskattanefnd á að ekki væri um sambærileg mál að ræða, enda væri einkahlutafélag sjálfstæður skattaðili sem ætti ekki við um einkafirma. Byggði nefndin á því að um afnot félagsins af afmörkuðum hluta húsnæðisins hafi verið að ræða á grundvelli leigusamnings milli aðila. Tók hún fram að í úrskurðaframkvæmd hafi verið litið svo á að útleiga á íbúðarhúsnæði undir atvinnurekstur teldist útleiga á atvinnuhúsnæði og vísaði í því sambandi á úrskurð yfirskattanefndar nr. 145/2004. Nefndin féllst ekki á að hin umdeildu viðskipti kæranda og félagsins hafi verið verulega frábrugðin því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum þannig að 1. mgr. 58. gr. laga nr. 75/1981 tæki til þeirra. Ákvörðun skattstjóra var því hnekk.

**Úrskurður yfirskattanefndar nr. 359/2005**  
**Tekjuskattur - rekstrarkostnaður - gjafir til menningarmála - sekt vegna brota á ákvæðum kjarasamnings - viðhald eða endurbætur**

Í máli þessu var deilt um frádráttarbærni gjaldfærðs kostnaðar í skattskilum kæranda, sem er einkahlutafélag um útgerð og fiskvinnslu. Fallist var á með skattstjóra að framlag kæranda til félags eldri borgara í tilteknu bæjarfélagi uppfyllti ekki lagaskilyrði fyrir frádráttarbærni frá tekjum, enda yrði að ganga út frá því að umrætt félag gegndi svipuðu hlutverki og önnur hagsmunafélög aldara í landinu. Á hinn bóginn var fallist á kröfu kæranda um gjaldfærslu greiðslu (sektar) til stéttarfélags vegna brota kæranda á ákvæðum kjarasamnings, enda var ekki talið að um fjáreksktir eða önnur viðurlög í skilningi 2. tölul. 52. gr. laga nr. 75/1981 væri að ræða heldur greiðslu á einkaréttarlegum grundvelli, þ.e. vegna skuldbindingar samkvæmt kjarasamningi. Þá var fallist á kröfur kæranda um gjaldfærslu kostnaðar vegna kaupa á íþróttabúningum í

tengslum við þátttöku starfsmanna félagsins í firmakeppni íþróttafélags, kostnaðar vegna skemmda á gleraugum starfsmanns um borð í skipi kæranda og kostnaðar vegna stöðumælagjalds. Talið var að í kostnaði vegna malbikunar og vinnu í porti kæranda hefði bæði falist viðhald og endurbætur og þótti mega miða við jafna skiptingu milli viðhaldskostnaðar og endurbóta í því sambandi. Loks var ágreiningur um gjaldfærðan kostnað vegna viðgerða á nýju skipi kæranda sem smíðað var í Kína. Yfirskattanefnd féllst á kröfu kæranda um frádrátt umrædds kostnaðar með vísan til þess m.a. að óvefengt væri að umræddur kostnaður væri alfarið vegna tjóns sem orðið hefði á skipinu á leið hingað til lands frá Kína.

**Úrskurður yfirskattanefndar nr. 386/2005**  
**Tekjuskattur - gjaldfærsla tapaðs fjár**

Ágreiningur í máli þessu varðaði lækkun og niðurfellingu skattstjóra á tilteknum gjaldaliðum í rekstri kæranda sem er einkahlutafélag. Á meðal þeirra gjaldaliða sem skattstjóri felldi niður var gjaldfært tap af eignastýringu tiltekinnar fjármálastofnunar. Gjaldandi skýrði umrædda gjaldfærslu með því að um væri að ræða mismun á þeim höfuðstól sem afhentur hefði verið fjármálastofnuninni til fjárvörslu í janúar og markaðsvirði eigna samkvæmt fjárvörslunni á þessum höfuðstól í árslok. Yfirskattanefnd hafnaði því að lagaheimild væri fyrir því að færa neikvæða ákvöxtun fengna með þessum hætti til gjalda sem vaxtagjöld á grundvelli 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 51. gr. sömu laga, enda væri ekki um vexti af skuldum, afföll eða gengistöp að ræða, heldur einungis breytingu á virði umrædds höfuðstóls yfir ákveðið tímabil þar sem ekkert tillit væri tekið til einstakra ráðstafana. Þá byggði kærandi á því að honum hefði verið heimilt að gjaldfæra tapið sem „vörunotkun“ á sama hátt og öðrum sbr. ákveðna skattfrankvæmd sem vísað var til og á við hjá þeim sem stunda það sem aðal- atvinnustarfsemi að kaupa og selja hlutabréf. Yfirskattanefnd taldi þessa málsástæðu vanreifaða og vísaði henni frá enda lá ekkert slíkt uppgjör fyrir auk þess sem kærandi stundaði fyrst og fremst annars konar viðskipti á umræddum tíma.



Úrskurður yfirkattaneftndar nr. 388/2005  
**Virðisaukaskattur - flugfélag - frjáls skráning vegna fólksflutninga - blönduð starfsemi - innskattur - eldsneyti - heimild skattstjóra til að skylda rekstraraðila til að skila fleiri en einni virðisaukaskattskýrslu vegna reksturs í fleiri en einni starfsgrein**

Ágreiningsefnið í máli þessu varðaði rétt kæranda til frádráttar innskatts vegna kaupa aðfanga til flugrekstrar félagsins innanlands á seinni hluta ársins 2003, eða öllu heldur hversu viðtækur sá réttur ætti að vera. Kærandi hafði á umræddu tímabili með höndum bæði vsk- skylda starfsemi og starfsemi undanþegna vsk. Á þessum grundvelli hlutfallaði kærandi innskatt sinn á umræddu tímabili skv. heimild í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt. Skattstjóri dró þá hlutfallstölu sem kærandi notaði (rúmlega 90% af kostnaði vegna blandaðrar starfsemi) hins vegar í efa og eftir athugun á bókhaldi færði hann hlutfallið niður í rúm 12%. Byggði skattstjóri á því að einungis ætti að miða innskattinn við hlutfall virðisaukaskattskyldrar sölu af heildartekjum kæranda vegna flugstarfsemi innanlands en tekjur vegna ýmissa annarra þátta svo sem flugvélaeigu erlendis ætti ekki að taka inn í útreikninginn. Jafnframt þessu úthlutaði skattstjóri kæranda öðru vsk númeri og lagði fyrir hann að standa skil á virðisaukaskatti í tvennu lagi, þ.e. annars vegar vegna tekna erlendis frá, en hins vegar vegna tekna af flugstarfsemi innanlands. Kærandi mótmælti þessu aðallega á þeim grunni að hugtakið heildarvelta í áðurnefndri 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 192/1993 hlyti að fela í sér alla veltu félagsins, skattskylda og undanþegna, hvaðan sem hún kæmi, einnig að allur flugrekstur kæranda væri ein og sama atvinnugreinin og félli undir flokk 62 í ÍSAT.

Yfirkattaneftnd hafnaði kröfum kæranda m.a. á þeim grundvelli að í 5. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988 væri mælt fyrir um skyldu aðila sem rekur starfsemi í fleiri en einni starfsgrein, til að láta skattstjóra í té sérstaka virðisaukaskattskýrslu fyrir hverja þeirra. Yfirkattaneftnd tók undir það með skattstjóra að þrjú atvinnugreinanúmer virt-

ust taka til rekstrar kæranda. Benti yfirkattaneftnd á að í bókhaldi kæranda væri greint með skýrum hætti á milli reksturs sem fram fer hér á landi og erlendis. Taka yrði undir það með skattstjóra að líta yrði til þess í málinu að sömu reglur gilda ekki um meðferð virðisaukaskatts að því er varðar annars vegar selda þjónustu í flugrekstri kæranda innanlands og hins vegar við flug á alþjóðaleiðum og útleigu loftfara. Telja yrði að ágreiningslaust væri að sá þáttur í rekstrinum væri að öllu leyti innan skattskyldusviðs samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 en fólksflutningar í innanlandsflugi kæranda væru undanþegnir virðisaukaskatti sbr. 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna. Þá gildi sérstakar reglur um nokkur mikilvægustu aðföngin vegna millilandaflugs, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna, m.a. eldsneytiskaup, sem leiðir til þess að kaup þessara aðfanga til rekstrar flugrekanda, að því leyti sem kaup hafa verið gerð hér- lendis eru ekki með virðisaukaskatti. Því þurfi ekki að beita reglunni í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 192/1993 um eldsneytiskaup vegna millilandaflugs þótt starfsemi flugfélags sé virðisaukaskattsskyld að hluta en undanþegin virðisaukaskatti að öðru leyti. Öðru máli gegnir hins vegar um eldsneytiskaup til innanlandsflugs, en sá kostnaður er uppistaðan í þeim aðföngum kæranda sem breyting skattstjóra laut að. Yfirkattaneftnd taldi ljóst að aðferð kæranda við útreikning hlutfallstölu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 192/1993 leiddi til þess að frádráttur innskatts af aðföngum til blandaðrar starfsemi innanlands væri ekki í neinu samræmi við skiptingu tekna annars vegar af virðisaukaskattskyldri sölu og hins vegar sölu sem undanþegin væri virðisaukaskatti. Yrði að telja að sú niðurstaða um innskattsfrádrátt hefði verið í andstöðu við meginreglu um innskatt í 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988. Hefði skattstjóra því verið rétt að mæla fyrir um sérstakt uppgjör virðisaukaskatts vegna flugrekstrar kæranda innanlands á grundvelli heimildar í 5. mgr. 24. gr. laganna. Kröfum kæranda var hafnað.

Úrskurður yfirkattaneftndar nr. 395/2005  
**Tekjuskattur - nýting persónuafsláttar á því ári sem sambúð er sliði**  
Kærandi var í sambúð með A þar til 15.

júní 2003. Fram að sambúðarslitum nýtti kærandi ónýttan persónuafslátt A við staðgreiðslu opinberra gjalda. Í skattskilum 2004 töldu kærandi og A fram hvort í sínu lagi vegna alls ársins 2003 og voru þau skattlögd sem einstaklingar 2004. Við álagningu árið 2004 fullnýtti A allan sinn persónuafslátt og reiknaðist því skuld hjá kæranda að sama skapi vegna nýtingar hennar á persónuafslætti A í staðgreiðslu. Ágreiningur málsins fyrir yfirkattaneftnd laut að þeirri kröfu kæranda að við ákvörðun opinberra gjalda hennar yrði tekið fullt tillit til notkunar á skattkorti A í staðgreiðslu á meðan á sambúð þeirra stóð.

Yfirkattaneftnd reifaði fyrst almennt þær reglur sem gilda um samsköttun hjóna og sambúðarfólks. Benti yfirkattaneftnd á að í 1. mgr. 63. gr. laga nr. 90/2003 kæmi fram að hjónum sem slíta hjúskap eða samvistum á árinu væri heimilt að telja fram allar tekjur sínar á því ári hvort í sínu lagi. Hefðu þau samnýtt persónuafslátt þannig að annar makinn hefði nýtt persónuafslátt hins á staðgreiðsluárinu skyldi telja þannig nýttan persónuafslátt þeim fyrrnefnda til góða, en skerða persónuafslátt hins síðarnefnda sem því næmi. Þá vísaði nefndin til ummæla í greinargerð, með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 65/1997, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem umrædd ummæli voru lögfest, sem mæltu beinlínis fyrir um það að þessi viðbót væri sett til höfuðs ósanngjarnri niðurstöðu fyrir þann sem nýtt hefði aukinn persónuafslátt í málum eins og því sem hér um ræðir. Að þessu röktu þóttu engin efni til annars en að taka kröfur kæranda til greina.

**Dómur Hæstaréttar frá 20. des. 2005 í máli nr. 315/2005, Vörður Ólafsson gegn íslenska ríkinu**

V krafðist þess að álagning iðnaðarmálagjalds á hann fyrir árin 2001 til 2004 yrði felld úr gildi. Með vísan til dóms Hæstaréttar frá 17. desember 1998 í máli nr. 166/1998 var ekki talið að sú skipan mála, sem kveðið væri á um í 3. gr. laga nr. 134/1993, um að tekjur af iðnaðarmálagjaldi skuli renna til Samtaka iðnaðarins, fæli í sér skyldu- aðild V að samtökunum, sem bryti gegn stjórnarskrá og mannréttindasáttmála



Evrópu. Var því ekki fallist á að lögin stönguðust á við 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Þá var hvorki talið að með lagafyrirmælum um álagningu gjaldsins hefði löggjafinn farið út fyrir heimildir sínar né að hún stangaðist á við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar.

#### Sératkvæði

Einn dómari Hæstaréttar skilaði sératkvæði. Í sératkvæðinu eru rakin ákvæði laga nr. 134/1993 um iðnaðarmálagjald og forsaga þeirra laga auk þess sem rakin eru ákvæði í samþykktum Samtaka iðnaðarins. Þá er fjallað um 74. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. 12. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, sem fjallar um félagafrelsi. Bent er á að tilgangur iðnaðarmálagjalds hafi verið að efla íslenska iðnað og að í lögum nr. 134/1993 sé sérstaklega tilgreint að í ríkissjóð renni einungis sá hluti gjaldsins, sem nemi kostnaði við innheimtu þess. Að öðru leyti fari gjaldið til Samtaka iðnaðarins, sem ráðstafi því. Ekki verði annað ráðið en að gjaldið fari að ótilgreindum hluta til almennrar starfsemi þeirra samtaka eftir ákvörðun stjórnar samtakanna þar um. Þá verði ekki séð af lögum nr. 134/1993 að iðnaðarráðherra hafi fullnægjandi heimildir til að fylgja því eftir að gjaldinu sé ráðstafað með þeim hætti, sem lögin kveða á um, heldur skuli hann einungis taka við skýrslum Samtaka iðnaðarins þar að lútandi. Verði því ekki talið að ákvæði laga nr. 134/1993 tryggi að ráðstöfun gjaldsins renni í þau verkefni, sem til er ætlast samkvæmt þeim lögum. Tekið er fram að greiðsla félagsgjalda til reksturs félags sé að jafnaði ein af aðalskyldum félagsmanna í félögum þar sem slíkt gjald er áskilið. Áfrýjandi sé ekki aðili að Samtökum iðnaðarins en hann sé eigi að síður skyldaður til að greiða gjald, sem renni til frjálsra samtaka. Yrði að líta svo á að lögin skylduðu áfrýjanda til þátttöku í starfsemi samtakanna, án þess að hann hefði veitt samþykki sitt fyrir því. Skýra verði ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar um rétt manna til að standa utan félaga svo, að tilhögun eins og boðin er með lögum nr. 134/1993 sé óheimil nema hún fullnægi þeim skilyrðum sem síðari málslíður 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar taki til. Samtök iðnaðarins séu ekki félag með þannig starfsemi, sem þar um ræðir.

Taldi dómariinn að fallast bæri á kröfu áfrýjanda um að fella bæri úr gildi álagningu iðnaðarmálagjalds á hendur honum.

#### Dómur Hæstaréttar 9. febrúar 2006 í máli nr. 321/2005, Íslenska ríkið gegn Sundagörðum hf.

Í ársbyrjun 1993 var ákveðið á hluthafafundi S hf. að hækka og síðan lækka aftur hlutafé í félaginu. Í kjölfarið ákvað stjórn félagsins að lækunarfjárhæðin yrði greidd hluthöfum, sem allir tengdust fjölskylduböndum, með útgáfu skuldabréfa, sem voru vaxta- og afborgunarlaus til 12 ára. S hf. gjaldfærði síðan árleg afföll af skuldabréfunum í rekstrarreikningum félagsins auk þess sem þau voru skuldfærð í ársreikningum félagsins. Með úrskurði skattstjórnans í Reykjavík 18. desember 2001 voru gjaldfærslur affallanna felldar niður gjaldaárin 1996 til 2000 og tekjuskattstofnar félagsins hækkaðir í samræmi við það auk þess sem bætt var við 25% álagi á hækkunina. Niðurstaða skattstjórnans var staðfest með úrskurði yfirskattaneftndar 24. september 2003 og krafðist S hf. ógildingar á þeim úrskurði.

Á það var fallist með Í að skattskil S hf. hefðu verið þannig úr garði gerð að þau tímamörk, sem fram koma í 1. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefðu átt við. Þá var talið að hnökri á málsmeðferð skattstjóra, sem fólst í því að kveða upp tvo úrskurði vegna gjaldársins 1996, hafi ekki átt að leiða til ógildingar á úrskurðinum. Önnur atriði, sem S hf. taldi fela í sér annmarka á meðferð málsins á stjórnissylustigi, voru einnig talin haldlaus. Á það var fallist með Í að afföll af skuldabréfunum hefðu ekki getað talist til kostnaðar við að afla eða ávaxta fé í rekstri félagsins, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981, heldur hafi verið um að ræða útgjöld, sem leiddu af því að losa fé til hluthafanna. Afföllin hefðu því fallið utan við heimild ákvæðisins til að draga kostnað frá tekjum af rekstri. Þá var talið að sú ráðstöfun að greiða lækkan hlutafjárins með þeim hætti sem gert var hefði verið verulega frábrugðin því sem almennt gerðist í slíkum skiptum og ekki væri ástæða til að ætla að til þeirra hefði komið milli óskyldra aðila. Yrði að telja ljóst að tilgangurinn með þeirri ráðstöfun hafi fyrst og fremst verið skattalegur ávinn-

ingur. Því var talið að skattstjóra hefði verið heimilt að skerast í leikinn á grundvelli 1. mgr. 58. gr. laga nr. 75/1981 og lækka gjaldfærðan rekstrar-kostnað félagsins á þann hátt sem hann gerði. Þá var hafnað kröfum S hf. um niðurfellingu álags. Var í því sýknað af kröfum S hf.

#### Dómur EFTA dómstólsins 24. nóvember 2005

Forsaga málsins er sú að á árinu 1999 voru sett lög sem höfðu það að markmiði að laða hingað alþjóðleg viðskiptafélög. Með lögnum var umræddum félögum gert að greiða lægri tekjuskatt en félögum var almennt gert að greiða eða 5% og jafnframt að greiða hvorki eignarskatta né stimpilgjöld.

ESA, eftirlitsstofnun EFTA, gerði athugasemdir við lögin og taldi þau brjóta gegn ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð. Lögin um aðstoð við alþjóðlegu viðskiptafélögin voru felld úr gildi í ársbyrjun 2004 eða skömmu áður en ESA kvað upp úrskurð sinn.

Í febrúar 2004 komst ESA að niðurstöðu um að aðstoðin við alþjóðlegu viðskiptafélögin væri ólögmat og jafnframt bæri íslenska ríkinu að sjá til þess að þau endurgreiddu ríkisaðstoðina.

Íslenska ríkið framfylgdi ekki ákvörðun ESA og var ríkinu því stefnt fyrir EFTA dómstólinn. EFTA dómstóllinn staðfesti að íslenska ríkið hefði ekki framfylgt ákvörðun ESA og hefði ekki fullnægt þeirri skyldu sinni að upplýsa ESA um gang mála. Íslenska ríkinu var gert að greiða allan kostnað af málinu.

#### Dómur Evrópudómstólsins 13. des. 2005 í máli Marks og Spencer (mál nr. C-446/03)

Forsaga málsins er sú að Marks og Spencer í Bretlandi krafðist þess að félaginu yrði heimilað að nýta skattalegt tap dótturfélaga í aðildarríkjum Evrópubandalagsins á móti skattskyldum hagnaði félagsins í Bretlandi.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að takmarkanir á samsköttun á milli landa væru almennt ekki bannaðar. Ekki mætti þó vera um að ræða for-takslaust bann við nýtingu taps ef tap dótturfélags í öðru landi væri að falla niður og ómögulegt væri að nýta tapið í heimalandi dótturfélagsins.

# Molar ...

MOLAR ... MOLAR ... MOLAR ... MOLAR ...

## Nýr starfsmanna- stjóri hjá rsk



Inga Hanna Guðmundsdóttir er nýráðinn starfsmannastjóri hjá ríkisskattstjóra. Hún er viðskiptafræðingur að mennt með áherslu á stjórnun og stefnumótun, frá Háskóla Íslands, ásamt því að hún hefur lokið meistaraáráðu innan sama fags. Áður en hún kom til starfa hjá ríkisskattstjóra var hún starfsmannastjóri hjá Landhelgisgæslu Íslands. Ari Ísberg hefur

tekið við starfi öryggisstjóra af Guðna Ólafssyni sem fór í vistaskipti ríkisstofnana til Tollstjórans í Reykjavík til eins árs.



## Skattaávilnanir til sprotafyrirtækja

Fjármálaráðherra hefur sett á lagginnar nefnd sem ætlað er að kanna reynslu annarra þjóða af að veita fyrirtækjum sem stunda rannsóknir, þróun og nýsköpun, ríkisstyrki í formi sértækra skattaávilnana. Nefndinni er sérstaklega ætlað að líta til reynslu Norðmanna í þessum efnum auk annarra OECD ríkja. Formaður nefndarinnar er Friðrik Friðriksson hagfræðingur, en aðrir nefndarmenn eru Leifur Eysteinnsson viðskiptafræðingur og Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson verkfræðingur.



## Bifreiðahlunnindi - breyttar reglur

Matsverð bifreiðar við ákvörðun á bifreiðahlunnindum er nú fundið með öðrum hætti en áður. Verð bifreiðar skal miða við staðgreiðsluverð samkvæmt verðlista á nýrri bifreið frá bifreiðaumboði. Árlega hefur í þessu skyni verið gefin út bifreiðaskrá RSK 6.03 sem nálgast má hjá skattstjórum og á rsk.is. Undanfarin ár hefur nýjasta bifreiðaskráin alltaf verið lögð til grundvallar við útreikning á bifreiðahlunnindum, hvort sem um var að ræða nýjar eða eldri bifreiðir. Þetta breyttist núna. Sækja skal verð bifreiðar í bifreiðaskrá þess árs þegar bifreiðin var tekin í notkun og verðið síðan hækkað eða lækkað í samræmi við verðlagsbreytingar á milli ára á nýjum bifreiðum.

Þá eru hlutföllin sem beitt er á verð bifreiða við útreikning á skattstofni þrjú núna í stað tveggja áður og lækkar hlunnindamat á bílum sem eru eldri en sex ára um 3%, en nokkur gagnrýni hafði verið á bifreiðahlunnindi gamalla bifreiða.



## Framtalsskil 2006 - námskeið

Til að búa starfsfólk skattfyrvalda undir þær miklu annir sem árlega fylgja framtalsskilunum var haldið námskeiði í byrjun mars að Grand Hótel í Reykjavík. Þar var farið yfir helstu nýjungar og breytingar sem snerta framtalsskilin 2006. Námskeiðið sóttu 60 starfsmenn og komu þeir frá öllum skattstofum landsins.



# Banka- þjónusta auðveldar framtalið

Einn stærsti liðurinn sem vantar á forskráningu einstaklingsframtala eru innstæður í bönkum og sparisjóðum og vaxtatekjur og staðgreiðsla af þessum reikningum. Framteljendum var nú auðvelduð útfylling á þessum upplýsingum með því að opnað var fyrir rafrænan flutning á þeim úr vefbanka. Glitnir (Íslandsbanki) bauð nú viðskiptavinum sínum þessa þjónustu, þ.e. að senda gögn inn á sundurliðunarblað í vefframtalinu. Síðan gat framteljandi farið inn á sundurliðunarblaðið og merkt við hvaða reikningar ættu að fara inn á framtalið.

Mæltist þetta vel fyrir og yfir sjö þúsund einstaklingar sendu upplýsingar rafrænt með þessum hætti úr vefbanka Glitnis yfir á sitt svæði hjá RSK.

Vonast er til að fleiri bankar og sparisjóðir bjóði viðskiptavinum sínum upp á þessa þjónustu á næsta ári og auðveldi þeim þar með framtalsgerð.

## Upplýsingatafla RSK

### Staðgreiðsla opinberra gjalda 2006

Skatthlutfall staðgreiðslu	36,72%
Tekjuskattur	23,75%
Útsvar	12,97%
Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af launum umfram kr. 98.528	6,00%
Af vöxtum og arði	10,00%
Skattleysismörk tekjuárið 2006	948.647

### Persónuafsláttur frá 1. janúar 2006

í einn mánuð	kr. 29.029
í hálfan mánuð	kr. 14.514
í 14 daga	kr. 13.361
í eina viku	kr. 6.680
Sjómannafsláttur á dag	kr. 787

### Hámark barnabóta 2006 miðað við heilt ár

Hjón/sambúðarfólk	
- með fyrsta barni	kr. 139.647
- með börnum umfram eitt	kr. 166.226
- ótekjutengd viðbót v/barna yngri en 7 ára	kr. 46.747
Einstæðir foreldrar	
- með fyrsta barni	kr. 232.591
- með börnum umfram eitt	kr. 238.592
- ótekjutengd viðbót v/barna umfram eitt og yngri en 7 ára	kr. 46.747

Barnabætur eru greiddar út 1. feb., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv.

Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald	5,79%
Sérstakt gjald v/sjómannna	6,44%

### Kílómetragjald, skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 5/2005

#### Kílómetragjald, gildir frá 1. okt. 2005

Almennt gjald, af fyrstu 10 þ.km, pr. km:	kr. 62,00
---	-----------

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag, skal reikna 15% álag á almennt gjald.

Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbílum, skal reikna 45% álag á almennt gjald.

### Dagpeningar innanlands,

#### skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 6/2005

##### Gildir frá 1. okt. 2005

Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	14.300
Fyrir gistingu í eina nótt	8.300
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	6.000
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	3.000

### Dagpeningar erlendis,

#### skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2005

	Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
	Gisting	Annað	Gisting	Annað
London, New York borg,	SDR 145	110	93	70
Washington DC og Tokyo	SDR 110	100	70	64
Annars staðar				

### Virðisaukaskattur

Almennt skattþrep	24,5%
Sérstakt skattþrep	14,0%

# Skattframtalið á sjö tungumálum

[www.rsk.is/international](http://www.rsk.is/international)

Lengst af hefur einungis verið hægt að nálgast skattframtalið á íslensku, en allra síðustu ár hefur verið hægt að fá enska útgáfu í pappírformi. Í ár verður í fyrsta skipti hægt að telja fram á fleiri tungumálum en nú verða til einfaldaðar útgáfur af skattframtalinu á sjö tungumálum. Þessi skattframtöl eru fyrst og fremst ætluð útlendingum sem koma til tímabundinnar dvalar á Íslandi, þ.e. til skemmri dvalar en tveggja ára. Hjón eða þeir sem hafa börn á framfæri geta þó ekki skilað þessari einfölduðu útgáfu og þurfa því eftir sem áður að skila hefðbundnu skattframtali einstaklinga (RSK 1.01). Með nýja framtalinu er verið að auðvelda þeim að telja fram sem dvalið hafa hér á landi í skamman tíma og hafa ekki íslensku að móðurmáli.

Framtalið er fyrir þá sem einungis hafa haft launatekjur hér á landi og eiga ekki aðrar eignir en bankainnstæður. Bifreiðaeign kemur þó ekki í veg fyrir að nota megi framtalið en þeir sem eiga fasteignir, verðbréf eða hlutabréf þurfa að skila hefðbundnu skattframtali einstaklinga (RSK 1.01), en sú útgáfa er einnig til á ensku. Eyðublöð vegna ökutækjastyrks, dagpeninga og sjómannaafsláttar verða einnig til á ensku, en hingað til hafa þau einungis verið til á íslensku.

Þessi nýju framtöl verða ekki til sem netframtöl til að byrja með, en þau má nálgast og fylla út á [rsk.is](http://rsk.is) og prenta síðan út og skila á pappír. Vonir standa til að á næsta ári verði hægt að skila þeim rafrænt.

Bæklingur fyrir þá sem koma til tímabundinnar dvalar er nú til á þremur tungumálum, þ.e. ensku, dönsku og þýsku. Hann má einnig nálgast á [rsk.is](http://rsk.is).

## Tax return

**RSK** Please note: You can not save a filled out copy of the tax return on your computer. You must print out a copy in order to keep one. **Tax return | simplified**

Intended for individuals living in Iceland for less than three years. On back page see explanations and directions. Please note that couples and those with dependent children must fill RSK 1.01. The same applies to owners of real estate, securities, shares and self-employed individuals.

Name: \_\_\_\_\_  
Address: \_\_\_\_\_ Municipality: \_\_\_\_\_

Duration of stay in Iceland  
Date of arrival in Iceland: \_\_\_\_\_ Date of departure from Iceland: \_\_\_\_\_

**1 Salary and other employment related payments**

Salary									
Other payments									
<b>Total</b>									

**2 Car allowance, Per diem payments, fringe benefits**

Car allowance	25	Per diem payments	25	
Car benefits	150	Other benefits	150	
<b>Total</b>				

**3 Other income**

Reimbursed pension fund premiums	43	
Other, what?		
<b>Total</b>		

**4 Deductions**

Deductible premiums to a pension fund (4% max)	162	
Additional payments to a private pension fund (4% max)	160	
Charitable contributions	30	
Other, what?	30	
<b>Total</b>		

**5 Tax base for income taxes** Sum of 1-2+3-4

**6 Taxes withheld at source** 204

**7 Calculation of seaman's credit** According to RSK 3.13

Seaman on boats 20 tons brutto or over	Days at sea: 201	Seaman's salary: 218
Seaman on boats under 20 tons brutto	Days at sea: 200	Seaman's salary: 218
<b>Total</b>		

**8 Status/balance in savings and bank accounts**

Total	Save withheld on interest: 501	12	11
-------	--------------------------------	----	----

Web this signature for the verifier that all information filed on this tax return is, to the best of his or her knowledge, correct.

RSK 1.13 LIT/LAN/EST See instructions on back page

Налоговая декларация 税单

Zeźnanie podatkowe  
Déclaration d'impôts

enska  
rússneska  
spænska  
kínverska  
þýska  
franska  
pólska

